

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



Ársskýrsla 2017

Efnisyfirlit

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls	4
Gildandi skuldbindingar	7
Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2017	8
Skýrsla aðalstjórnar	9
Íþróttamaður ársins	10
Starfsbikarinn.....	10
Skýrsla stjórnar	11
Áritun skoðunarmanna	11
Ársreikningur aðalstjórnar	12
Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar	17
Ársreikningur knattspyrnudeildar	26
Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar	28
Ársreikningur körfuknattleiksdeildar	30
Skýrsla stjórnar unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar	33
Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar	36
Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar	38
Ársreikningur frjálsíþróttadeildar	46
Skýrsla stjórnar sunddeildar	48
Ársreikningur sunddeildar	56
Skýrsla stjórnar skíðadeildar	58
Ársreikningur skíðadeildar	61
Skýrsla bogfímideildar	63
Ársreikningur bogfímideildar	64
Skýrsla júdódeildar	66
Ársreikningur júdódeildar	73
Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson	75
Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson.....	76

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

1. grein. Heiti félagsins:

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F.T. Heimili þess og varnarþing er á Sauðárkróki.

2. grein. Tilgangur félagsins:

Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun íþróttá á Sauðárkróki meðal félagsmanna sinna og efla íþróttastarf á Sauðárkróki.

3. grein. Merki félagsins og búningur

Merki félagsins er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni. Notkun merkisins er óheimil á öðru en keppni- og æfingafatnaði nema með leyfi aðalstjórnar félagsins.

Keppnisbúningur félagsins er vínrauður að lit. Varabúningar skulu vera í samræmi við félagsliti ef kostur er. Sé þess ekki kostur skal deild leita samþykkis Aðalstjórnar.

4. grein. Innganga og úrsögn:

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.

Aðalstjórn félagsins heldur skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

5. grein. Félagsgjöld:

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur til aðalstjórnar félagsins.

6. grein. Deildir:

Iðkendum hvernar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hvernar deildar annast rekstur hennar.

Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.

Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Aðalstjórn:

Aðalstjórn félagsins skipa 5 menn; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins.

Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur:

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess og hefur einn vald til að breyta lögum þess. Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert. Aðalfundur skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður setur fundinn
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun árgjalda
7. Kosning formanns, fjögurra manna í stjórn, þriggja varamanna í stjórn og tveggja skoðunarmanna
8. Önnur mál

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi að undanskyldum þeim málum sem fjallað er um í 16. og 17. grein.

Aukaaðalfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir:

Félagsfund skal boða ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar:

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar:

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda:

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hverrar deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundir:

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins:

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varða starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins:

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar:

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar:

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur Aðalstjórnar til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund félagsins. Tillögur félagsmanna um lagabreytingar skulu berast Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum, sem síðar koma fram, ef 2/3 greiddra atkvæða samþykkja. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka:

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 2. mars 2016.

Gildandi skuldbindingar

Hlutfallsskipting tekna

- Knattspyrnudeild 35%
- Körfuknattleiksdeild 35%
- Frjálsíþróttadeild 14%
- Skíðadeild 7%
- Sunddeild 7%
- Aðalstjórn 2%

Deildir

- 75% af styrkjum Kaupfélags Skagfirðinga (4.200.000 á ári) skulu fara í barna- og unglíngastarf.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2017

Lagt fram á aðalfundi félagsins 6. mars 2018.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 6. mars 2017:

Helgi Sigurðsson, formaður

Þórunn Ingvadóttir, varaformaður

Magnús Helgason, gjaldkeri

Kolbrún Marvia Passaro, ritari

Laufey Kristín Skúladóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Jón Daníel Jónsson

Ingibjörg Huld Þórðardóttir

Gunnar Þór Gestsson

Skoðunarmenn reikninga:

Bertína Guðrún Rodríguez

Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, tindastoll.is. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Rafrænt vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu geymir öll gögn um starfssemi félagsins, tölvupósta, skjöl, fundargerðir og bókhaldskerfi.

Hópanúmer Tindastóls hjá N1 er 414

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru
Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík
Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35, Sauðárkróki
Stefán Pedersen, Smáragrund 15, Sauðárkróki

Heimilisfang Ungmennafélagsins Tindastóls

Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki

Kennitala 650269-5949

Netfang: tindastoll@tindastoll.is

Heimasíða: tindastoll.is

Skýrsla aðalstjórnar

Árið 2017 var að mörgu leyti viðburðaríkt ár í starfsemi félagsins.

Árangur íþróttafólks okkar hefur lengi vakið athygli á landsvísu enda Skagafjörður frægt íþróttahérað og má með sannni segja að mannlíf hér snúist mikið um íþróttir.

Eftirtekt hefur vakið hversu góðum árangri Tindastóll hefur náð í körfuknattleik. Um árabíl hefur félagið átt eitt af bestu liðum landsins og keppt til verðlauna oftar en einu sinni. Þrúðmannleg framkoma leikmanna liðsins hefur skilað þeim vinsældum um allt land. Nú í vetur náðu Tindastólmenn þeim magnaða árangri að sigra bikarkeppnina í körfuknattleik. Sannarlega frábær frammistaða sem ber að muna eftir um komandi ár. Vill Aðalstjórn koma hér á framfæri þökkum til leikmanna og stjórnenda deildarinnar fyrir framúrskarandi árangur og óskum við þeim alls hins besta í komandi verkefnum.

Við eignuðumst marga Íslandsmeistara í fjölmörgum íþróttagreinum og er það til marks um það góða starf sem deildirnar okkar vinna. Ánægjulegt er að sjá hversu vel hefur gengið að byggja upp starf flestra deilda okkar.

Ársins 2017 verður minnst sem árs byltingar #meetoo og er það vel. Löngu tímabær vakning sem vonandi verður til þess að við sem störfum í íþróttum vöndum okkur sem best í samskiptum bæði við iðkendur og aðstandendur. Mikilvægt er að vandað verði til verka við umgjörð starfs okkar á öllum stöðum. Þeir sem starfa með börnum eiga að hafa vit á að láta börnin njóta vafans ef upp koma mál sem snúa að hverskonar misbeitingu eða ranglæti.

Aðalstjórn vill þakka Kaupfélagi Skagfirðinga fyrir ómetanlegan stuðning í formi styrkja. Sveitarfélaginu Skagafirði er þakkaður stuðningurinn.

Áfram verður haldið með okkar góða starf og óskum við nýju fólki velfarnaðar í störfum sínum fyrir félagið.

Með kveðju.

Helgi Sigurðsson

Formaður UMF Tindastóls.

Íþróttamaður ársins

Pétur Rúnar Birgisson

Á sameiginlegri samkomu Tindastóls og UMSS sem haldin var 27. desember sl. var Pétur Rúnar Birgisson valinn Íþróttamaður Tindastóls 2017.

Pétur hefur verið einn af burðarásunum í sterku liði Tindastóls í úrvalsdeild karla í körfuknattleik undanfarin ár auk þess sem hann hefur spilað stórt hlutverk í U20 ára landsliði Íslands.



Starfsbikarinn

Formaður UMF Tindastóls afhenti Halldór Halldórssyni starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins 2007. Halldór hefur í mörg ár starfað fyrir félagið á ýmsum vettvangi. Hann hefur unnið gott og ósérhlífið starf fyrir körfuknattleiksdeild Tindastóls.

Fyrri handhafar starfsbikarsins.

Hrafnhildur S. Pétursdóttir	2008
Rannveig Helgadóttir	2009
Jóhann Sigmarsson	2010
Gunnar Sigurðsson	2011
Brynjar Birgisson	2012
Kári Mariusson	2013
Kristjana Jónsdóttir	2014
Margeir Friðriksson	2015
Skúli Jónsson	2016
Halldór Halldórsson	2017

Skýrsla stjórnar

Að álitum stjórnar UMF Tindastóls koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu aðalstjórnar UMF Tindastóls í lok árs 2017 og rekstri aðalstjórnar á árinu 2017.

Stjórn aðalstjórnar UMF Tindastóls staðfestir ársreikning þennan fyrir árin 2017 með áritun sinni hér fyrir neðan.

Sauðárkóki, 20. febrúar 2018

Í stjórn:

Helgi Sigurðsson, formaður

Magnús Helgason, gjaldkeri

Laufey Kristín Skúladóttir, meðstjórnandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2017 og gerum engar athugasemdir. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2017 og efnahagsreikningi 31. desember 2017. Við teljum að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2017 og efnahag í árslok 2017.

Sauðárkróki, 20. febrúar 2018

Bertína Guðrún Rodríguez

Gunnar Þór Sveinsson

Ársreikningur aðalstjórnar

Rekstrarreikningur ársins 2017

		2017	2016
Tekjur			
Fjáröflun:			
Lottó		1.730.368	1.537.452
Félagsgjöld		269.700	310.300
		2.000.068	1.847.752
Styrkir:			
Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	1	24.311.383	23.835.840
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda		5.895.000	5.895.000
Kaupfélag Skagfirðinga		4.200.000	4.200.000
Fjölnet hf.		0	1.503.726
Arion banki hf., Sauðárkróki		140.642	147.135
		34.547.025	35.581.701
Aðrar tekjur			
Tekjur af bifreiðum		2.390.705	3.043.380
Tekjur alls:		38.937.798	40.472.833
Gjöld:			
Svf. Skagafjörður húsaleiga	1	24.311.383	23.835.840
Styrkir til deilda	2	11.132.327	9.893.100
Pappír, ritföng, auglýsingar og sími	3	160.527	209.463
Þjónustugjöld	4	129.947	133.676
Stjórnunarkostnaður	5	33.750	51.480
Rekstur bifreiðar	6	3.193.522	3.230.218
Tölvukostnaður		74.041	1.527.684
Heimasíða tindastoll.is		219.352	1.089.531
Húsaleiga Víðigrund 5		320.418	314.769
Íþróttamaður Tindastóls		0	254.490
Félagsgjald UMSS		465.850	224.700
Tryggingar		12.265	12.327
Söluþap bifreiðar		302.500	0
Annar kostnaður	7	192.837	77.500
Gjöld alls		40.548.719	40.854.778
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði		-1.610.921	-381.945
Afskrift fastafjármuna	8	0	1.587.578
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		40.997	72.989
Vaxtagjöld		1.811	502
		39.186	72.487
Hagnaður (-tap) ársins		-1.571.735	-1.897.036

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

		31.12.2017	31.12.2016
Eignir			
Fastafjármunir:			
5% eignarhluti í Bifröst (FM)		0	2.372.000
Geymslukofi á íþróttavelli	8	25.000	25.000
Bifreið Mercedes Benz Sprinter TTR07	8	1.232.578	1.232.578
Bifreið Mercedes Benz RK587	8	0	852.500
Fastafjármunir samtals		1.257.578	4.482.078
Veltufjármunir:			
Bankareikningar		4.199.608	4.288.357
Viðskiptakröfur	10	0	81.140
Veltufjármunir samtals		4.199.608	4.369.497
Eignir samtals		5.457.186	8.851.575
Skuldir og eigið fé			
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir reikningar	11	69.207	359.096
Skuld við deildir	12	839.235	0
Skammtímaskuldir samtals		908.442	359.096
Skuldir samtals		908.442	359.096
Eigið fé:			
Eigið fé frá fyrra ári		8.492.479	10.284.515
Endurmat ársins		-2.372.000	105.000
Hagnaður (-tap) ársins		-1.571.735	-1.897.036
Eigið fé samtals		4.548.744	8.492.479
Skuldir og eigið fé samtals		5.457.186	8.851.575

Skýringar

	2017	2016
1. Húsaleigustyrkur		
Íþróttahúsið á Sauðárkróki.....	14.560.028	14.276.600
Skiðasvæðið í Tindastól.....	3.733.000	3.660.000
Íþróttavöllurinn á Sauðárkróki.....	2.995.000	2.935.000
Sundlaug Sauðárkróks.....	2.279.000	2.235.000
Íþróttahúsið í Varmahlíð.....	744.355	729.240
	24.311.383	23.835.840
2. Styrkir til deilda		
Knattspyrnudeild.....	3.975.825	3.533.244
Körfuknattleiksdeild.....	2.129.141	3.533.244
Unglingaráð körfuknattleiksdeilda.....	1.846.684	0
Frjálsíþróttadeild.....	1.590.333	1.413.300
Skiðadeild	795.172	706.656
Sunddeild.....	795.172	706.656
	11.132.327	9.893.100
3. Prentun, ritföng, auglýsingar og sími		
Sími.....	67.576	88.201
Auglýsingar.....	49.151	62.847
Prentun.....	43.800	57.316
Ritföng.....	0	1.099
	160.527	209.463
4. Þjónustugjöld banka		
Innheimtukröfur Arion.....	117.437	125.735
Seðil- og þjónustugj.....	12.510	7.941
	129.947	133.676
5. Stjórnunarkostnaður		
Formannafundur.....	33.750	51.480
	33.750	51.480
6. Rekstur bifreiða		
TTR07		
Tekjur	2.356.005	2.264.440
Kostnaður	2.238.858	2.070.848

	117.147	193.592
RK587		
Tekjur	34.700	778.940
Kostnaður	954.664	1.159.370
	-919.964	-380.430
7. Annar kostnaður		
Skyndihjálparnámskeið.....	0	52.500
Styrkur frá Arion banka v. Styrktarhlaups...	30.000	25.000
Námskeið.....	115.000	0
Fánar.....	47.837	0
	192.837	77.500
8. Afskriftir fastafjármuna		
	Bifreiðar	Geymslukofi
Stofnverð 1/1.....	13.975.784	250.000
Afskrifað alls 1/1.....	-11.890.706	-200.000
Selt á árinu.....	-550.000	0
Sölutap.....	-302.500	0
Bókfært verð 31/12.....	1.232.578	50.000
Stofnverð alls 31/12.....	12.325.784	250.000
Afskrifað alls 31/12.....	-11.093.206	-200.000
Bókfært verð 31/12.....	1.232.578	50.000
9. Krafa á deildir		
Körfuknattleiksdeild.....	0	64.140
Knattspyrnudeild.....	0	17.000
	0	81.140
11. Ógreiddir reikningar		
Stá ehf.....	33.750	0
Stefna ehf.....	16.274	16.368
Fjölnet ehf.....	14.338	0
Síminn hf.....	4.845	10.425
Grettistak veitingar ehf.....	0	198.505
Skúli Jónsson.....	0	98.000
Advania hf.	0	19.681
Nýprent ehf.....	0	16.117
	69.207	359.096

12. Skuld við deildir

Frjálsíþróttadeild.....	177.033	0
Knattspyrnudeild.....	42.589	0
Körfuknattleiksdeild.....	442.581	0
Skíðadeild.....	88.516	0
Sunddeild.....	88.516	0
	839.235	0



Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Inngangur



Þegar litið er til baka yfir árið sem liðið er þá er hægt að staldra við á mörgum stöðum og óska þess að hægt væri að fara til baka og gera hlutina öðruvísi. En það er víst eins hér og annars staðar að maður breytir ekki fortíðinni heldur reynir að læra af henni og gera ekki sömu mistökin tvisvar. Þetta ár hefur einkennst af miklum sviptingum og hefur mér fundist á köflum að allt sem getur hafa farið úrskeiðis hefur gert það.

Ég er hins vegar mjög bjartsýnn fyrir framhaldið hjá knattspyrnudeildinni. Miklar breytingar hafa orðið á starfi deildarinnar og ber þar hæst að nefna ráðningu 3ja þjálfara í fullu starfi. Það er okkar trú að með ráðningum þessum muni rekstur deildarinnar verða skilvirkari og þjónusta við iðkendur, foreldra og samfélagið verða enn betra en það hefur verið. Knattspyrnuakademía í samvinnu við FNV leit dagsins ljós í

haust og verður fróðlegt að sjá hvernig hún mun þróast þegar nýr gervigrasvöllur verður tekinn í notkun í maí. Deildin hefur líka, í samráði við Smárann, tekið upp á þeirri nýbreytni að vera með æfingar í Varmahlíð fyrir 3. og 4.flokka félagsins og hefur það reynst vel.

Í vinnslu er einnig endurskipulagning á innra skipulagi félagsins og meðal verkefna þessa árs er að skilja í milli í fjármálum félagsins, klára vinnu við handbók félagsins og gera námsskrá fyrir alla yngri flokka félagsins til að gera þjálfunin skilvirkari og stuðla að samfelli milli flokka. Einnig er fjarlægur draumur að okkur takist að manna unglingaráð og meistaraflokksráð karla og kvenna, en það veltur allt á fólkinu í kringum félagið. Vona ég að þessi verkefni klárast fyrir sumarið.

Áfram Tindastóll

Bergmann Guðmundsson, formaður knattspyrnudeildar Tindastóls

Þakkir.

Stjórn knattspyrnudeildar Tindastóls þakkar öllum þeim sem komið hafa að starfi deildarinnar á þessu ári. Iðkendum, þjálfurum, foreldrum, samstarfsaðilum og öllum þeim sem lagt hafa okkur lið.

Stjórn knattspyrnudeildar:

Formaður	Bergmann Guðmundsson
Varaformaður	Guðjón Örn Jóhannsson
Gjaldkeri	Guðni Þór Einarsson
Meðstjórnandi	Ingvi Hrannar Ómarsson

Breytingar á innra starfi félagsins

Rekstur knattspyrnufélags eins og Tindastóls verður sífellt viðameira þegar árin líða. Meiri kröfur um ákveðin vinnubrögð eru settar á herðar þeirra sem koma að félaginu og oft á tíðum er þetta farið að vera meira eins og starf og minna eins og sjálfbóðaliðsstarf. Þetta er ein af ástæðum þess að við í stjórn knattspyrnudeildar ákváðum í haust að fara af stað með þá tilraun að hætta að vera með þjálfara yngri flokka í hlutastarfi eins og áður hefur tíðkast. Kröfur um bætt vinnubrögð, betri þjálfun og þjónustu við foreldra voru ein af ástæðum þessara breytinga.

Nú starfa hjá félaginu 3 þjálfarar í fullu starfi sem sjá um þjálfun ásamt því að skipta á milli sín verkefnum á skrifstofu félagsins. Vonum við að þetta verði til þess að iðkendum fjölgi ásamt því að eftirsóknarverðara verði að koma að félaginu sem sjálfbóðaliði.

Þjálfarar félagsins 2018

Meistaraflokkur karla: Bjarki Már Arnarson og Guðjón Örn Jóhannsson

Meistaraflokkur kvenna: Jón Stefán Jónsson og Guðni Þór Einarsson

Yngri flokkar: Jón Stefán Jónsson, Óskar Smári Haraldsson, Konráð Freyr Sigurðsson, Snæbjört Pálsdóttir.

Framkvæmdastjórn: Jón Stefán Jónsson, Óskar Smári Haraldsson, Konráð Freyr Sigurðsson.

MARKMIÐ OG STEFNA KNATTSPYRNUDEILDAR

Knattspyrnuleg markmið:

- Að bjóða uppá faglegt og heilbriggt starf sem er deildinni, þjálfurum, iðkendum og foreldrum til sóma.
- Að gera iðkendur sína að betri knattspyrnumönnum.
- Að gera iðkendur sína að betri félagsmönnum.
- Að leitast við að ráða til starfa þjálfara með viðeigandi þjálfarastig KSÍ.
- Að taka þátt í Íslandsmóti, Bikarkeppni og vetrar- og sumarmótum í þeim flokkum sem hafa þátttökurétt.

Íþróttaleg markmið:

- Í íþróttum læra börn að fylgja reglum og tileinka sér hollar lífsvenjur og sjálfsaga. Mikilvægt er að hver og einn fái með íþróttaiðkun sinni tækifæri til þess að upplifa sjálfan sig á jákvæðan hátt og öðlast sjálfstraust og sjálfsvirðingu. Jafnframt er mikið lagt upp úr því að læra einbeitingu, þolinmæði, umburðarlyndi, tillitssemi, sýna traust og kærleik og vera einn af hópnum.
- Íþróttir hafa uppeldislegt, menningarlegt og heilsufarslegt gildi fyrir þá sem þær stunda. Við uppbyggingu íþróttastarfs, hvort sem um æfingar eða keppni er að ræða, skal miða að því að allir hafi jafngild tækifæri og séu metnir að verðleikum óháð uppruna, þjóðfélagsstöðu, litarhætti eða kyni.

Félagsleg markmið:

- Að bjóða bæjarbúum uppá jákvætt og hvetjandi íþróttarumhverfi, þar sem iðkendur, foreldrar og forráðamenn geti fengið upplýsingar um starfsemi deildarinnar á sem bestan hátt.
- Að stuðla að aukningu innan deildarinnar og kynningu hennar meðal bæjarbúa.
- Markmið deildarinnar er að halda iðkanda sem lengst og að iðkandi sé ánægður og stoltur innan vallar sem utan.
- Að skilgreina starf og markmið deildarinnar og starfsmanna hennar í handbók svo verksvið og verkefni hvers og eins séu skýr.
- Að rækta starf sitt í góðu samstarfi við aðalstjórn, bæjaryfirvöld, skóla, félagsmiðstöð, kirkju, foreldra og aðra aðila sem koma nálægt tómsunda- og íþróttaiðkun í Skagafirði.

Fjármálaleg markmið:

- Byggja starf sitt ávallt á fjárhagslega traustum grunni svo knattspyrnustarfið sé tryggt til framtíðar.
- Að félagið standi fjárhagslega undir starfsemi sinni á hverju rekstrarári.
- Að fjármálastjórnun félagsins sé ætíð í samræmi við lög og reglur ÍSÍ.
- Að félagið reyni eftir fremsta megni að aðstoða iðkendur við skipulagningu fjáraflana til að fjármagna þátttökuna í starfinu.

Barna- og unglíngastarf

Barna- og unglíngastarf Tindastóls hefur eins og áður hefur komið fram tekið miklum breytingum síðan í haust. Ákveðið var að leggja meira fjármagn í starfið með það að markmiði að gera það sjálfbært svo hægt sé að skilja á milli í rekstri félagsins. Við erum að sjá aukningu á iðkendafjölda og telst okkur til að við séum að fá fjölgun upp á tæp 10% í vetur og sjáum fyrir okkur meiri fjölgun iðkenda þegar gervigrasið opnar. Grundvöllurinn fyrir sterku barna- og unglíngastarfi eru góðir þjálfarar og höfum við verið heppin að því leyti. Við munum halda áfram að leggja áherslu á að allir okkar þjálfarar sækji sér menntun til KSÍ til að verða hæfari í starfi og mun klúbburinn styðja við það nám áfram.

Við erum í samstarfi með Hvöt/Kormák í eldri flokkum félagsins þar sem keppt er í 11 manna bolta og hefur það samstarf gengið mjög vel. Krakkarnir taka þessu vel og eignast féлага í gegnum fótboltann. Árangur yngri flokka var heilt yfir góður og miklar framfarir sáust þegar líða fór á sumarið. 4.flokkur karla fór í umspil um úrslit en mættu þar ofjörlum sínum en búa vel að þeirri reynslu sem fæst með því að taka þátt í úrslitaleik. 5.flokkur karla missti af sæti í úrslitum eftir hlutkesti þrátt fyrir að vera með betri innbyrðisúrslit og betri markatölu en Þór. 6.flokkur kvenna fór í úrslit í NL/AL riðlinum og endaði í 2. sæti með jafnmörg stig og KA en 2 mörkum minna í markatölu. Þetta sýnir okkur að við eigum mikið inni og vonandi sjáum við krakkana okkar gera enn betur þegar hægt verður að æfa við góðar aðstæður allt árið um kring.

Næsta skref er svo að koma á laggirnar öflugu barna- og unglíngaráði sem er þjálfurum innan handar við starfið og hefur milligöngu um að stofnað verði foreldraráð fyrir hvern flokk til að gera starfið enn betra.



Meistaraflokkur karla

Meistaraflokkur karla vann sér sæti í 2. deild með því að sigra 3. deildina árið 2016. Í byrjun undirbúningstímabilsins voru 2 erlendir þjálfarar ráðnir til starfa og liðið styrkt með erlendum leikmönnum fyrir komandi átök. Liðið byrjaði illa og náði sér ekki á strik og um mitt sumar var staðan sú að liðið var komið í bullandi fallbaráttu og lítið í spilunum sem benti til annars en að liðið færi beina leið niður aftur í 3. deildina. Því var tekin sú ákvörðun að skipta um þjálfara og Stefán Arnar Ómarsson og Bjarki Már Árnason tóku við liðinu í lok júlí. Gerðar voru ákveðnar breytingar á leikmannahópnum og endaði liðið í 6. sæti, 5 stigum frá 2. sætinu eftir að hafa unnið 6 og gert eitt jafntefli í síðustu 7 leikjunum í deildinni.

Í vetur voru svo Bjarki Már Árnason og Guðjón Örn Jóhannsson ráðnir þjálfarar meistaraflokks karla og hafa ungir og efnilegir leikmenn verið að bera uppi spilamennskuna í æfingamótum í vetur. Verið er að vinna í styrkingu á hópnum og gengur það eftir áætlun.



Meistaraflokkur kvenna

Meistaraflokkur kvenna tók þátt í 1.deild í sumar. Fyrir mót var vitað að um erfitt tímabil yrði að ræða og að hið unga lið Tindastóls myndi eiga erfiða leiki fyrir höndum. Liðið spilaði á köflum flottan bolta og aldrei betur en þegar andstæðingurinn var hvað sterkastur eins og sigur á Pepsideildarliði Fylkis í Borgunarbikarnum sýndi fram á. Það sem varð liðinu að falli í sumar var að ekki náðist í nægilega mörg stig úr leikjum við liðin sem voru í kringum Tindastól í deildinni og því endaði liðið í fallsæti og spilar í sumar í 2. deild kvenna.

Jón Stefán Jónsson hefur verið ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna og er Guðni Þór Einarsson honum til aðstoðar og væntum við mikils af liðinu í sumar og er stefnan sett á að vinna sér sæti að nýju í 1. deild kvenna fyrir sumarið 2019. Stelpurnar hafa æft vel í vetur og er liðið vel stemmt fyrir sumarið.



Drangey

Síðastliðið sumar var ákveðið að tefla fram liði í 4. deild Íslandsmótsins í knattspyrnu. Liðið var hugsað sem vettvangur fyrir unga leikmenn til að fá nauðsynlega reynslu í meistaraflokki. Ásamt ungu strákunum sem voru meginþorri hópsins tefldum við fram gömlum refum til aðstoðar. Lið Drangeyjar var í D-riðli 4. deildar og enduðu tímabilið í 5. sæti sem er frábær árangur af ekki eldra liði. Við væntum þess að þessi reynsla muni skila sér í betri leikmönnum inn í meistaraflokk Tindastóls. Liðið var vaxandi eftir sem leið á mótið og leikgleðin og krafturinn skein af hverjum manni. Það var sérstaklega ánægjulegt að sjá þá í sumar og verður gaman að fylgjast með þessum drengjum í framtíðinni.



Sumarmót Tindastóls

Að venju hélt knattspyrnudeildin tvö stór mót í sumar, Landsbankamót kvenna í júní og Króksmót FISK í ágúst. Má reikna með að um 1500 iðkendur ásamt fylgdarliði hafi heimsótt okkur í sumar. Bæði þessi mót voru vel sótt og tókust með afbrigðum vel. Foreldrar unnu gríðarlega mikið og gott starf og er þeim sérstaklega þakkað fyrir. Að halda svona mót er ekki sjálfsgefið og er þeim sem koma að knattspyrnunni á Króknum það morgunljóst. Fjölmargir aðilar leggja hönd á plóginn og alls staðar komum við að opnum dyrum. Það ber að þakka. Mótin tvö eru rekstrargrundvöllur deildarinnar og án þeirra væri okkar starf mun rýrra en ella. Við viljum þakka þeim fjölmörgu aðilum sem komu að undirbúningi og framkvæmd mótsins og sjáumst vonandi sem flest í sumar þegar þessi frábæru mót verða haldin.



Viðurkenningar

Á lokahófi knattspyrnudeildarinnar voru að venju veittar viðurkenningar fyrir sumarið sem leið. Eftirfarandi aðilar hlutu viðurkenningar að þessu sinni.

Besti leikmaður mfl. kvenna:	Laufey Harpa Halldórsdóttir
Efnilegust:	Sólveig Birta Eiðsdóttir
Besti leikmaður mfl. karla:	Konráð Sigurðsson
Efnilegastur:	Jón Gísli Eyland Gíslason
Besti leikmaður Drangeyjar:	Guðni Þór Einarsson
Efnilegastur:	Jónas Aron Ólafsson
Markahæsti leikmaður mfl. kvenna:	Kolbrún Ósk Hjaltadóttir
Markahæsti leikmaður mfl. karla:	Ragnar Þór Gunnarsson
Markahæsti leikmaður Drangeyjar:	Guðni Þór Einarsson

Við í stjórn knattspyrnudeildar óskum þeim kærlega til hamingju.



Ársreikningur knattspyrnudeildar

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	2016
Rekstrartekjur		
Framlag frá aðalstjórn	3.853.325	3.533.244
Fjáraflanir og styrkir	18.496.057	11.354.397
Sérstakur styrkur KSÍ	1.338.400	7.041.000
Aðgangseyrir	1.788.180	784.012
Æfingagjöld yngri flokka	4.931.822	5.118.413
Króksmót	7.772.118	7.002.525
Landsbankamót	4.627.800	5.768.635
Jólatréssala	1.550.108	1.430.651
Rekstrartekjur samtals	44.357.810	42.032.877
Rekstrargjöld		
Laun og launatengd gjöld	27.853.449	17.795.426
Annar kostnaður leikmanna	14.962.900	5.694.448
Mótakostnaður	5.505.192	5.022.284
Annar rekstrarkostnaður	1.385.954	1.559.717
Króksmót	3.450.277	3.762.145
Landsbankamót	2.576.667	2.495.138
Kostnaður v. jólatréssölu	707.756	836.570
Óútskýrður mismunur f.f. ári	0	3.650.927
Rekstrargjöld samtals	56.442.195	40.816.654
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði	-12.084.385	1.216.223
Afskriftir	0	128.000
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	11.502	14.865
Niðurfelldar skuldir	1.627.181	0
Vaxtagjöld	366.638	363.814
Fjármagnsliðir samtals	1.272.045	-348.949
Hagnaður (-tap) ársins	-10.812.340	739.274

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	31.12.2017	31.12.2016
Eignir		
Fastafjármunir		
Stúka	863.187	863.187
Fastafjármunir alls	863.187	863.187
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	1.559.621	1.250.707
Innistæður í innlánsstofnunum	564.507	3.085.479
Veltufjármunir alls	2.124.128	4.336.186
Eignir alls	2.987.315	5.199.373
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	7.903.819	2.477.492
Skuld við gjafasjóð	665.983	0
Fyrirfram greiddar tekjur	1.000.000	0
Aðrar skammtímaskuldir	2.747.939	1.239.967
Skammtímaskuldir alls	12.317.741	3.717.459
Skuldir alls	12.317.741	3.717.459
Eigið fé		
Eigið fé í byrjun árs	1.481.914	742.640
Hagnaður (-tap) ársins	-10.812.340	739.274
Eigið fé samtals	-9.330.426	1.481.914
Skuldir og eigið fé	2.987.315	5.199.373

Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar

Körfuknattleikstímabilið 2016-2017 byrjaði snemma þetta tímabilið. Var liðið komið saman í byrjun ágúst til æfinga.

Upp var komin sú staða að þrír leikmenn ákváðu að yfirgefa liðið og halda á önnur mið.

Darrell Lewis og Ingvi Rafn tókust á við nýja áskorun og sömdu við Þór á Akureyri. Einnig yfirgaf Darrel Flake okkur eftir að hafa spilað með okkur síðustu þrjú tímabil og samdi við Skallagrím.

Félagið tók þá ákvörðun að ráða til félagsins þá Björgvin Hafþór Ríkharðsson og Chris Caird til að fylla þeirra skarð.

Félagið réði einnig Israel Martin sem aðstoðar þjálfara með Jose Maria og tók Martin líka að sér þjálfun unglingsflokks kvenna sem og körfubolta-akademíuna sem er á vegum fjölbrautaskólans.

Þjálfari félagsins Jose Maria tók snemma ákvörðun um ráðningu á erlendum leikmanni að nafni Antonio Hester og var félagið langt komið með þá ráðningu þegar þjálfari liðsins ákveður með samþykki stjórnar að hætta við að ráða Hester. Stjórn félagsins samþykkir að ráðnir verði tveir leikmenn í stað Hester þeir sveitungar frá Senegal Mamadou Samb og Pape Sheck.

Undirbúningur liðsins gekk alveg ágætlega og voru leikmenn snemma byrjaðir að æfa undir leiðsögn Arons Márs frjálsþróttá þjálfara sem á allar þakkir stjórnar skilið fyrir hans ótrúlega starf.

Um mitt sumar fékk félagið boð um að fara til Tenerife til æfingarferðar í september og dvelja þar í eina viku við æfingar og leika fjóra leiki þar, var tekin sú ákvörðun að þiggja það boð.

Erfiðlega hefur gengið að fá æfingaleiki á undirbúningstímanum og einnig var KKÍ búið að taka ákvörðun um að leggja niður Lengjubikar svo það var ekki spurning um að þiggja þetta boð.

Er það alveg öruggt að svona ferðir eru bara til góðs og voru allir sem fóru þessa ferð samála um að þetta hafi verið frábært í alla staði.

Tímabilið byrjaði frekar brösuglega og eftir tap í fimmtu umferð á móti Keflavík er tekin sú ákvörðun af stjórn félagsins að segja upp báðum erlendu leikmönnum liðsins og var félagið fljótt að ráða annan erlendan leikmann, Antonio Hester. Einnig var mikill ágreiningur á milli þjálfara félagsins Jose Maria og stjórnar um þessa ráðningu og í framhaldinu eftir miklar umræður komust þjálfari og stjórn félagsins að samkomulagi að þjálfarinn skildi við félagið og var það gert í sátt.

Israel Martin tók þá við liðinu og hefur það samstarf gengið alveg með ágætum, Martin er búinn að semja við félagið til ársins 2020.

Félaginu gekk ágætlega í deildarkeppninni og endaði þar í sjötta sæti og lék við Keflavík í átta liða úrslitum þar sem liðið náði sér ekki alveg á flug og tapaði því einvígi 1-3

Félagið lék í Maltbikarnum og í 32 liða úrslitum tapaði liðið fyrir Þór Ak.

Eins og staðan á liðinu er núna þá er félagið nánast búið að semja við alla þá sömu leikmenn sem voru á síðasta tímabili nema að Pálmi Geir er búinn að semja við Þór Ak.

Félagið hefur samið við tvo leikmenn til að styrkja hópinn þá Axel Kárason og Sigtrygg Arnar Björnsson, bindur félagið miklar vonir við þessa tvo kappað þeir séu þeir leikmenn sem vanti uppá til að gera enn betur.

Félagið getur með sanni sagt að á bakvið það séu bestu stuðningsmennirnir og á góðum degi í Síkinu myndast stemming sem fáir aðrir geta leikið eftir.

Styrktaraðilar félagsins eru ómetanlegir og eiga þeir allir sem einn risastórar þakkir fyrir þeirra framlag til deildarinnar, án þeirra væri ekki hægt að vera að keppa við þá bestu ár eftir ár.

Leikmenn, stuðningsmenn, styrktaraðilar, sjálfboðaliðar og allir hinir

Takk fyrir síðasta tímabil.

f/h Stjórnar körfuknattleiksdeildar Tindastóls.

Stefán Jónsson formaður.

Ársreikningur körfuknattleiksdeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 01.05.2016-30.04.2017**

	2016-17	2015-16
Rekstrartekjur		
Aðgangseyrir	4.434.683	4.149.831
Fjáraflanir	4.886.247	5.539.889
Styrkir – aðalstjórn	367.500	2.695.345
Aðalstyrktaraðilar	7.822.008	5.916.546
Auglýsingar og minni styrkir	10.743.664	13.944.189
Vildarvinir	1.692.082	589.000
Rekstrartekjur samtals	29.946.184	32.834.800
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	16.149.877	20.683.634
Húsnæðiskostnaður	3.142.549	2.593.152
Bílaleiga	776.013	1.702.653
Ferðakostnaður – innanlands	2.186.425	2.245.742
Ferðakostnaður – erlendis	1.009.943	1.970.744
Þáttökugjöld og félagaskipti	702.837	801.713
Dómarakostnaður	1.272.807	1.432.112
Búningar og skór	49.978	182.697
Sjúkrakostnaður	358.247	416.663
Sími, auglýsingar, prentun, hönnun	79.944	262.747
Uppskeruhátíð og jólagleði	50.188	353.500
Kostnaður vegna fjáraflana	18.373	25.600
Kostnaður vegna Tenerife ferð	1.116.409	0
Kostnaður vegna Sidline Sports	0	223.200
Annar kostnaður	1.808.139	2.801.560
Rekstrargjöld samtals	28.721.729	35.695.717
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	1.224.455	-2.860.917
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	2.220	425
Vaxtagjöld	-402.233	617.527
	-400.013	-617.102
Niðurstaða ársins	824.442	-3.478.019

Efnahagsreikningur 30. apríl 2017

	30.04.2017	30.04.2016
Eignir		
Veltufjármunir		
Aðrar skammtímakröfur	540.281	2.455.757
Bankainnistæður	899.697	101.345
Veltufjármunir samtals:	1.439.978	2.557.102
Eignir samtals	1.439.978	2.557.102
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á tékkareikningi	0	5.138.710
Viðskiptaskuldir	3.448.913	4.461.102
Skammtímaskuldir samtals	3.448.913	9.599.812
Langtímaskuldir		
Langtímalán	4.209.333	0
Langtímaskuldir samtals	4.209.333	0
Skuldir samtals	7.658.246	9.599.812
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	-7.042.710	-3.564.691
Niðurstaða ársins	824.442	-3.478.019
Eigið fé samtals	-6.218.268	-7.042.710
Skuldir og eigið fé samtals	1.439.978	2.557.102

Sjóðstreymisýfirlit 01.05.2016-30.04.2017

	2016-2017	2015-2016
Rekstrarhreyfingar		
Rekstrarniðurstaða ársins	824.442	-3.478.019
Veltufé frá rekstri	824.442	-3.478.019
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)	1.915.476	1.479.021
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	-6.150.899	1.708.749
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	-4.235.423	3.187.770
Handbært fé frá rekstri	-3.410.981	-290.249
Fjármögnunarhreyfingar		
Langtímalán	4.209.333	0
	4.209.333	0
Breyting á handbæru fé	798.352	-290.249
Handbært fé í ársbyrjun	101.345	391.594
Handbært fé í lok ársins	899.697	101.345

Skýrsla stjórnar unglingaráðs körfuknattleiksdeildar

fyrir aðalfund Körfuknattleiksdeildar Tindastóls 15.júní 2017

Í unglingaráði sátu þetta tímabil Dagur Þór Baldvinsson formaður, Thelma Knútsdóttir gjaldkeri, Lilja Sigurðardóttir ritari, Hörður Knúttsson, Ragnheiður Rúnarsdóttir, Kári Árnason, Ingi Björgvin Kristjánsson, Sædís Bylgja Jónsdóttir og Vignir Kjartansson.

Eins og ársreikningur unglingaráðs sýnir var rekstrarútkoma jákvæð. Fjöldi iðkenda var 137 sem er aukning um 30 frá tímabilinu 2015/2016.



Þökkalega gekk að koma starfinu af stað í haust en þó er alltaf eitthvað sem betur má fara. Samsetning æfingatöflu gekk þökkalega en það er samt talsvert þúsluspil enda mörg atriði sem taka þarf mið af við gerð hennar. Körfuboltadeildina vantar samt sárlega fleiri tíma í íþróttahúsinu og vonandi verður hægt að fá fleiri tíma næsta vetur.

Við þjálfun yngri flokkanna störfuðu 11 þjálfarar. Þau eru Israel Martin, Björgvin Hafþór Ríkharðsson, Valdís Ósk Óladóttir, Bríet Lilja Sigurðardóttir, Pétur Rúnar Birgisson, Viðar Ágústsson, Chris Caird, Pálmi Geir Jónsson (hluta vetrar), Friðrik Hrafn Jóhannsson (hluta vetrar), Anthony Hester (um tíma), Kári Marísson. Auk þessara hlupu nokkrir í skarðið þegar þurfti. Ljóst er að sumir flokkar voru óheppnari en aðrir varðandi þjálfaraskipti í vetur. Nú hefur verið auglýst eftir yfirþjálfara sem tæki að sér töluverða þjálfun og mundi vinna í stefnumótun fyrir yngra flokka starf félagsins. Það skýrist í sumar hvort eitthvað komi út úr því.

Samstarf var reynt við Þór Akureyri um sameiginleg lið í 8 og 10 flokki kvk. Hvort framhald verði af því samstarfi hefur ekki verið ákveðið en verði af því þarf að setja það í fastari skorður m.a. varðandi sameiginlegar æfingar og fleira.

Tindastóll sendi lið til keppni á Íslandsmótum í sjö yngri aldursflokkum. Það voru unglíngaflokkur karla, 10.fl. karla, 8.fl. karla, minnibolti ka, unglíngaflokkur kvenna, 10. fl. kvenna, 8. fl. kvenna. Auk þess tóku þessir flokkar þátt í bikarkeppni þar sem það var í boði. Flest liðin sem þátt tóku í fjölliðamótum náðu að halda sinni stöðu frá hausti fram á vor eða bæta hana.



- Unglíngaflokkur karla komst í 8. liða úrslit í Íslandsmóti og úrslit í bikarkeppni þar sem þeir töpuðu.
- Unglíngaflokkur kvk. lenti í 6. sæti á Íslandsmótinu og komust í undanúrslit í bikar. Öll lið þar sem keppni fór fram á helgarmótum fengu mót á heimavelli.
- 10. flokkur karla hélt sinni í stöðu í c-riðli og vantaði lítið upp á að þeir færu upp í b-riðill, einnig komust þeir í 8. liða úrslit í bikar.
- 8. flokkur karla hélt sinni stöðu í b-riðli.
- Minnibolti karla sendi fjögur lið til keppni í Íslandsmóti og stóðu strákarnir sig mjög vel.
- 10. flokkur kvenna komst upp í a-riðill en það vantaði þínu uppá samstarfið milli Tindastóls/Þórs til að dæmið gengi upp.
- 8.flokkur kvenna endaði í 4. sæti á Íslandsmótinu og voru í a-riðli í allt tímabilið.

Þökkalega gekk að halda leikjaplani annarra flokka og við lentum ekki eins illa í því eins og stundum hefur gerst undanfarin ár að marga leiki unglíngaflokks þurfi að spila þétt í mótslok.

Króksamótið fyrir krakka í 1.-6. bekk var haldið 21. janúar og komu á það lið frá Þór á Akureyri og Stjörnunni í Garðabæ. Þó svo að mótið hafi verið kynnt víðar þarf greinilega að gera það af meiri krafti til að fá þátttakendur frá fleiri stöðum til að taka þátt. Hópur krakka á þessum aldri

frá Tindastóli fór á Kjarnafæðismótið á Akureyri 25. mars og eins fóru tuttugu og fimm krakkar úr 5.-6. bekk á Sambíómót Fjölnis í byrjun Nóvember 2016.

Þakka skal öllum þjálfurum fyrir góða vinnu við þjálfun, utanumhald sinna flokka og samstarf sl. vetur. Einnig iðkendum og foreldrum öllum. Stjórn deildarinnar þökkum við gott samstarf og velvilja. Töluverðar breytingar verða á unglingaráði fyrir næsta vetur, Ragnheiður Rúnarsdóttir, Kári Árnason, Ingi Björgvin Kristjánsson, Sædís Bylgja Jónsdóttir og Vignir Kjartansson ætla að hætta og er þeim þakkað fyrir góða samveru og sitt framlag.

Dagur Þór Baldvinsson

Formaður Unglingaráðs Kkd Tindastóls



Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar

Rekstrarreikningur tímabilsins 01.05.2016-30.04.2017

	2016-17	2015-16
Rekstrartekjur		
Æfingagjöld	4.112.997	3.079.678
Fjáraflanir	1.008.375	510.783
Auglýsingar og styrkir	350.000	323.802
Búningasala	1.078.000	0
Styrkur v. búninga	410.000	0
ÍSí ferðastyrkur	1.122.008	0
Styrkur Kaupfélag Skagfirðinga	1.102.500	0
Styrkur Svf. Skagafjörður	2.063.244	1.403.150
Króksamót	38.268	0
Rekstrartekjur samtals	11.285.392	5.317.413
Rekstrargjöld		
Launakostnaður	6.466.610	4.089.775
Dómara- & þátttökukostnaður	254.400	91.386
Þátttökukostnaður	267.000	310.000
Búningakaup yngri flokka	1.195.575	32.546
Húsaleiga v. þjálfara	810.000	556.000
Ferðakostnaður	836.074	945.714
Kostnaður vegna Króksamóts	311.732	143.523
Kostnaður vegna fjáraflana	226.595	114.750
Auglýsingar	76.369	0
Uppskeruhátíð	117.516	84.866
Annað	70.484	0
Rekstrargjöld samtals	10.632.355	6.368.560
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	655.037	-1.051.147
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	1.256	19
Vaxtagjöld	86.867	58.576
	-85.611	-58.557
Hagnaður (-tap) ársins	567.426	-1.109.704

Efnahagsreikningur 30. apríl 2017

	30.04.2017	30.04.2016
Eignir		
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	540.123	0
Ógreidd æfingagjöld	97.650	701.250
Veltufjármunir samtals:	637.773	701.250
Eignir samtals	637.773	701.250
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á tékkareikningi	0	313.459
Ógreidd laun og launatengd gjöld	205.765	330.000
Skuld við meistaraflokk	0	270.865
Ógreitt vegna uppskeruhátíðar	114.691	117.516
Skammtímaskuldir samtals	320.456	1.031.840
Skuldir samtals	320.456	1.031.840
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	-330.590	779.114
Niðurstaða ársins	567.426	-1.109.704
Eigið fé samtals	236.836	-330.590
Skuldir og eigið fé samtals	637.773	701.250

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

lögð fram á aðalfundi deildarinnar 20. febrúar 2018

Stjórn Frjálsíþróttadeildar sem kosin var á aðalfundi 26. apríl 2017.

Margrét Björk Arnardóttir, formaður.

Kolbrún Þórðardóttir, gjaldkeri.

Thelma Knútsdóttir, ritari.

Umsjónarmaður heimasíðu er Ásbjörn Karlsson.

R.H. Endurskoðun ehf., sér um ársreikning deildarinnar.

Þjálfarar

Sigurður Arnar Björnsson	yfirþjálfari, þjálfun 15+
Gestur Sigurjónsson	þjálfun 11-14 ára
Þorgerður Eva Björnsdóttir	aðstoðarþjálfari 11-14 ára vor 2017
Áslaug Jóhannsdóttir	aðstoðarþjálfari 11-14 ára vor 2017
Sveinbjörn Óli Svavarsson	þjálfun 6-10 ára haust 2017
Einar Örn Gunnarsson	þjálfun 6-10 ára haust 2017
Andrea Maya Chirikadzi	aðstoðarþjálfari 6-10 ára haust 2017
Stefanía Hermannsdóttir	aðstoðarþjálfari 6-10 ára haust 2017

Pistill formanns

Undirrituð tók við formennsku deildarinnar af Sigurjóni Leifssyni sem gegnt hafði því hlutverki til nokkurra ára. Ný stjórn tók við taumunum í maí svo stjórnartímabilið er mun styttra nú en ætla hefði mátt. Það var í mörg horn að líta hjá nýrri stjórn, ýmislegt var í föstum skoðun en annað þurfti að endurskoða og koma í farveg. Eitt af verkefnum stjórnar var að vinna að því að breyta æfingatíma yngri iðkenda þannig að 1.-4. bekkur gæti klárað sínar æfingar fyrir kl. 16 á daginn eða á „Árvistartíma“. Það hafðist með góðu samstarfi við forstöðumann frístunda- og íþróttamála í sveitarfélaginu Þorvaldi Gröndal. Eins var æfingatími á miðvikudögum færður fram sem þýðir að okkar iðkendur (11-14 ára) eru búnir fyrir á æfingum á kvöldin. Þessi breyting hefur gefið starfinu með yngsta hópinn okkar byr undir báða vængi og ánægjulegt að sjá hversu mjög hefur fjölgað í þeim hópi. Því miður hefur iðkendum í aldurshópnum 11-14 ára fækkað og því mikil sóknarfæri í því að fá inn yngri iðkendur sem síðan munu efla þann aldurshóp. Ýmsar ástæður geta verið fyrir þessari fækkun en svo virðist vera sem árekstrar við ýmsa aðra afþreyingu í sveitarfélaginu spili þar stórt hlutverk. Það er miður að ekki takist betur til en svo í litlu sveitarfélagi en að börn þurfi að velja á milli íþróttar-, kirkju- og tómstundastarfs þar sem margt af því sem í boði er fyrir þennan aldurshóp fellur á sama tíma. Á þessu sviði mætti gera bragarbót.

Af málefnum iðkenda ber helst að nefna að margir þeirra hafa sýnt gríðarlegar framfarir eins og sjá má í skýrslu stjórnar. Það er skemmst frá því að segja að einn af okkar fremstu frjálsíþróttamönnum Ísak Óli Traustason, var valinn bæði frjálsíþróttamaður Tindastóls og

Íþróttamaður Skagafjarðar 2017. Hann er vel að þessum titlum kominn og á án efa eftir að vera félaginu til sóma á komandi árum.

Þjálfarahópur deildarinnar hefur verið nokkuð stöðugur. Með Sigurð Arnar sem yfirþjálfara og Gest sem þjálfara 11-14 ára iðkenda hefur okkur tekist að halda uppi góðri og markvissri þjálfun sem hefur skilað okkur bæði Íslandsmeistaratitlum og héraðsmetum svo eitthvað sé nefnt. Eins hafa nokkrir yngri þjálfarar komið inn í vetur og ýmist verið til aðstoðar eða séð alfarið um þjálfun yngstu iðkendanna. Það er ótrúlega mikilvægt í lítilli deild sem þessari að búa yfir góðum og metnaðarfullum þjálfurum. Það ber að þakka.

Það verður ekki hjá því komist að minnst á hið óeigingjarna starf sjálfboðaliðans. Frjálsíþróttadeildinni hefur borið gæfa til að hafa yfir að ráða ómældum fjölda sjálfboðaliða sem hægt er að kalla til þegar á þarf að halda. Það er t.d. ómögulegt að halda mót án þeirra, þar sem eitt lítið frjálsíþróttamót krefst ótrúlegs fjölda sjálfboðaliða. Ég vil því nota tækifærið f.h. deildarinnar og þakka sjálfboðaliðum fyrir þeirra ómetanlega framlag.

Um áramót 2017-2018 fluttist formaður búferlum og við keflinu tóku aðrir stjórnarmenn. Það er ómetanlegt að starfa með fólki sem tekur við keflinu þegar þess gerist þörf og vil ég þakka þeim Kolbrúnu og Thelmu sérstaklega fyrir samstarfið. Ég vil einnig nota tækifærið og þakka þjálfurum fyrir einstaklega gott samstarf og foreldrum sömuleiðis. Ég óska frjálsíþróttafólkinu okkar góðs gengis í komandi verkefnum.

Með kærri kveðju,

Margrét Arnardóttir

formaður Frjálsíþróttadeild UMFT 2017

Skýrsla stjórnar

Ný stjórn tók til starfa í maí 2017. Sigurjón Leifsson sem verið hafði formaður deildarinnar í mörg ár lét af störfum og við keflinu tók Margrét Arnardóttir. Kolbrún Þórðardóttir kom einnig ný inn í stjórnina og tók við starfi gjaldkera og Thelma Knútsdóttir sem setið hafði í stjórninni í eitt ár hélt áfram og gegnir hlutverki ritara. Fyrsti stjórnarfundurinn var haldinn 8. maí. Á þeim fundi var ákveðið að halda utan um fundargerðir og gögn stjórnar á Google Drive auk þess sem ákveðið var að stjórn skyldi funda með reglulegu millibili.



Stjórnin hefur lagt áherslu á að halda þjálfarafundi a.m.k. einu sinni á hverju æfingatímabili og hefur hvatt þjálfara til að efla samstarf við foreldra. Í fundagerðum stjórnar má sjá að verkefnin hafa verið ærin og þar hafa fjármál deildarinnar iðulega verið til umfjöllunar. Deildin hefur stækkað mikið undanfarin ár, án þess þó að fjárframlög til hennar hafi aukist. Fleiri iðkendur og fleiri æfingatímar hafa ekki skilað auknum fjárframlögum, hvorki frá Aðalstjórn eða sveitarfélaginu, og því hefur stjórnin velt fyrir sér ýmsum öðrum leiðum til fjármögnunar.

Félagsgjöld voru hækkuð lítillega á árinu auk þess sem sótt var um styrki til ýmissa málefna. Deildin þarf eftir sem áður að gæta aðhalds í rekstri og grípa til fjáraflana til að fjármagna ýmis verkefni.

Sótt var um nokkra styrki á árinu. Má nefna styrk til UMFÍ vegna heimsleika unglunga í Gautaborg og vegna þjálfaranámskeiðs og til Rannís var sóttur styrkur til áhaldakaupa og til kynningar á starfsemi félagsins. Styrkur vegna þjálfaranámskeiðs fékkst samþykktur en Rannís opinberar ekki styrkþega fyrr en í mars. Einnig óskaði stjórnin eftir því við forstöðumann frístunda- og íþróttamála sveitarfélagsins að ýmis áhöld og búnaður til frjálsíþróttaiðkunar yrði endurnýjaður.



Stjórn deildarinnar stóð fyrir smá uppákomu í lok vetrar þar sem iðkendum og foreldum var boðið á frjálsíþróttavöllinn þar sem þeir fengu tækifæri til að reyna með sér í hinum ýmsu greinum undir leiðsögn þjálfara og eldri iðkenda. Að æfingu lokinni var boðið upp á veitingar. Deildin bauð svo iðkendum sínum út að borða í lok sumaræfinga og mæltist hvoru tveggja vel fyrir.



Á Uppskeruhátíð Frjálsíþróttaráðs UMSS í nóvember 2017, voru þau Ísak Óli Traustason og Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir valin frjálsíþróttakarlar og kona UMSS. Þar voru einnig veitt verðlaun fyrir Íslandsmeistara- og Landsmótstítla auk þess sem efnilegasta frjálsíþróttafólkið var verðlaunað. Í þessum hópi á deildin nokkra glæsilega verðlaunahafa því auk Ísaks og Þórunnu fengu þau, Rúnar Ingi Stefánsson, Kristinn Freyr Briem Pálsson og Andrea Maya Chirikadzi verðlaun fyrir árangur sinn á árinu.

Margt verður um að vera á árinu 2018 og ber þar hæst 92. Meistaramót Íslands, Landsmótið og 50+ mótið hjá UMFÍ, sem fram fara á Sauðárkróki dagana 12.-15. júlí. Árið 2018 hefur einnig byrjað vel hjá frjálsíþróttafólkinu okkar, komin eru tvö ný héraðsmet og einn Íslandsmeistaratitill, og sjáum kannski fleiri á næstu dögum.

Afrek iðkenda á árinu

Farið var á fjölmörg mót á árinu, bæði innanlands og utan og stóðu keppendur Frjálsíþróttadeildar Tindastóls sig hvarvetna með þryði. Keppnisár deildarinnar hófst strax í janúar, á Meistaramóti Íslands (MÍ) í fjölþraut, en þar áttum við einn fulltrúa, Ísak Óla Traustason. Af fimm greinum af sjö, lenti Ísak Óli einu sinni í öðru sæti og fjórum sinnum í þriðja sæti, og endaði keppnina í þriðja sæti í aldurshóp 20-22 ára í fjölþraut karla. MÍ 11 - 14 ára innanhúss var einnig haldið í janúar og þar átti deildin tvo fulltrúa, þær Andrea Maya Chirikadzi og Stefanía Hermannsdóttir. Andrea Maya varð Íslandsmeistari í 3. kg. kúluvarpi, 14 ára stúlkna. Í byrjun febrúar var Ísaki Óla Traustasyni og Þórunnu Ósk Sigurjónsdóttur boðið að taka þátt á Reykjavík International Games (RIG). Þórunna Ósk gerðir sér lítið fyrir og vann gullverðlaun í hástökki og Ísak Óli stóð sig einnig með þryði.



Á Stórmóti ÍR dagana 11. - 12. febrúar fór fjölmennit lið frá deildinni: Andrea Maya Chirikadzi, Hrafnhildur Ósk Jakobsdóttir, Inga Sólveig Sigurðardóttir, Isabelle Lydia Chirikadzi, Ísak Óli Traustason, Jón Gabriel Marteinsson, Katrín Sif Arnardóttir, Kristinn Freyr Briem Pálsson, Kristín Björg Emanúelsdóttir, Rebekka Dröfn Ragnarsdóttir, Rúnar

Ingi Stefánsson, Stefanía Hermannsdóttir, Sveinbjörn Óli Svavarsson, Tanja Kristín Ragnarsdóttir, Una Karen Guðmundsdóttir, Vigdís Kolka Vignisdóttir og Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir. Nokkur verðlaun komu í hús, Andrea Maya fékk gullverðlaun í kúluvarpi, Ísak Óli fékk gull í 60 m grindahlaupi, silfur í langstökki og brons í 60 m. Jón Gabriel fékk brons í 60 m., Rúnar Ingi fékk brons í kúluvarpi, Tanja Kristín fékk brons í langstökki og Þórunna Ósk fékk gull í hástökki. Þann 18.- 19. febrúar fór fram aðalhluti MÍ innanhúss. Þau Ísak Óli Traustason, Sigurbjörn Óli Svavarsson og Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir kepptu fyrir hönd deildarinnar. Ísak Óli varð Íslandsmeistari í 60m grind karla og varð í 3.sæti í langstökk og Þórunna Ósk varð Íslandsmeistari í hástökki kvenna á nýju héraðsmeti, en hún stókk 1,74 m.

Árangur keppenda á MÍ 11 - 14 ára utanhúss, sem haldið var í Kópavogi, dagana 24. - 25. júní, var með ágætum þó enginn fengist Íslandsmeistaratitilinn. Þangað fóru Andrea Maya Chirikadzi, Stefanía Hermannsdóttir, Rebekka Dröfn Ragnarsdóttir og Tanja Kristín Ragnardóttir. Þar unnust þrjú silfurverðlaun og ein bronsverðlaun. Andrea Maya fékk silfur í kúluvarpi, Rebekka Dröfn fékk silfur í kúluvarpi, Stefanía fékk silfur í spjótkesti og Tanja Kristín fékk brons í hástökki. Keppt var einnig á ýmsum öðrum smærri mótum í mars, apríl og maí. MÍ, utanhúss, fór fram á Selfossi 8.-9. júlí. Þangað fóru Ísak Óli Traustason og Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir. Þórunna Ósk varð Íslandsmeistari í hástökki og Ísak Óli í 110 m grindahlaupi. Sumarleikar HSP á Laugum og Sumarmót SamVest á Borgarnesi fóru fram sömu helgi og MÍ á Selfossi og átti því deildin keppendur á þrem mótum í þrem landshlutum.

Í lok júní fóru hópur úr deildinni á Gautaborgarleikana í Svíþjóð. Ekki komst neinn á pall að þessu sinni en bestum árangri náðu þær Andrea Maya Chirikadzi og Stefanía Hermannsdóttir. En Andrea Maya varð fimmta í kúluvarpi og Stefanía fjórða í spjótkesti í sínum aldurshópum. Aðrir keppendur sem tóku þátt; Kristinn Frey Briem Pálsson, Rúnar Ingi Stefánsson, Sveinbjörn Óli Svavarsson og Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir og stóðu þau sig öll með miklum ágætum.



Fjölmenntur hópur á vegum UMSS fór á Unglingalandsmótið sem var haldið á Egilstöðum að þessu sinni. Landsmótsmeistarar deildarinnar urðu fjórir, Kristinn Frey Briem Pálsson vann gull í 100 m og 200 m 18 ára pilta, Rúnar Ingi Stefánsson vann gull í kúluvarpi 18 ára pilta og Andrea Maya Chirikadzi fékk gull í kúluvarpi 14 ára stúlkna, að auki komu ein silfurverðlaun í spjótkesti og fjögur bronsverðlaun, ein í spjótkesti, ein í kúluvarpi, ein í 200 m og ein í hástökki. MÍ 15 - 22 ára fór fram á Laugardalsvelli 26.-27. ágúst. Þangað fóru þau, Rúnar Ingi Stefánsson, Sveinbjörn Óli Svavarsson og Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir. Þórunna Ósk fékk silfur í hástökki, Rúnar Ingi fékk brons í kúluvarpi og Sveinbjörn Óli brons í 100 m.

Nokkur Héraðsmet féllu á árinu.

- Andrea Maya Chirikadzi setti héraðsmet í kúluvarpi, bæði í aldursflokkum 14 og 15 ára stúlkna, kastaði kúlunni 10,99 m utanhúss og 10,98 m innanhúss í sömu aldursflokkum.
- Rúnar Ingi Stefánsson setti héraðsmet í kúluvarpi 18 - 19 ára með kast uppá 12,16 m utanhúss og 12,25 m innanhúss.
- Stefanía Hermannsdóttir setti héraðsmet í spjótkesti í aldursflokkum 14 ára með 400 g spjóti 33,85 m og að auki setti hún héraðsmet í aldursflokkum 15 ára stúlkna og 16 - 17 ára stúlkna flokki með 500 g spjóti, 34,47 m.
- Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir setti héraðsmet í hástökki, bæði í aldursflokkum kvenna og stúlkna 20 - 22 ára. Hún stökk 1,72 m utanhúss og 1,74 m innanhúss.

Hér hefur aðeins verið stiklað á stóru, ótaldar eru allar bætingarnar og persónulegu sigirnir á hinum ýmsu mótum.

Ekki er hægt að ljúka þessari upptalningu án þess að minnst á þá þjálfara sem hafa staðið að baki þessum keppendum, leiðbeint þeim og hvatt til dáða. Þjálfararnir sem komu að starfi deildarinnar þetta árið eru, Sigurður Arnar Björnsson yfirþjálfari, Gestur Sigurjónsson, Þorgerður Eva Björnsdóttir og Áslaug Helga Jóhannsdóttir þjálfuðu 11.-14 ára aldurshópinn vorið 2017, Sveinbjörn Óli Svavarsson og Einar Örn Gunnarsson þjálfuðu yngsta aldurshópinn frá október til desember með hjálp Andrea Maya Chirikadzi og Stefaníu Hermannsdóttur.



Íþróttamaður ársins 2017 - Ísak Óli Traustason (greinagerð tilnefningar Íþróttamanns ársins UMSS)

Ísak Óli Traustason hefur verið að keppa í frjálsum íþróttum síðan 2001 eða síðan hann var sex ára gamall, stökk hann þá langstökk án atrennu og varð í 19. sæti á Grunnskólamóti UMSS í Varmahlíð. Hann keppti á einu móti 2003 þá átta ára, lenti í þá í 2.sæti í langstökki án atrennu á Grunnskólamóti. Ekki er Ísak Óli skráður aftur til keppni í mótaforriti Frjálsíþróttasamband Íslands fyrr en janúar 2008, en þar til 13. ágúst 2017 hefur hann verið skráður til keppni í 446 greinum. Geri aðrir betur. Ísak Óli, hefur verið Íslandsmeistari ellefu sinnum, hann hampaði sínum fyrsta Íslandsmeistaratitli árið 2012. Hann varð Íslandsmeistari í hástökki innanhúss 2012 og 2013. Íslandsmeistari í 110m grind árin 2013-2017 í sínum aldurshópi. Íslandsmeistari í 60m grind innanhúss 2016-2017 og Íslandsmeistari í langstökki innan- og utanhúss 2016.

Ísak Óli tók þátt í stórum erlendum mótum á árinu, Combined Events, Relays & Masters Championships, Skotlandi, Norðurlandamót Unglinga í fjölþrautum, Finnlandi (2. sæti), European Combined Events Team Championships, Spáni og EAP Combined Events, Englandi. Ísak Óli hefur bætt sinn persónulega árangur í eftirfarandi greinum árið 2017.

Utanhúss

400 m hlaupi 1,92 sek

1500 m hlaupi 10,24 sek

Stangarstökki 0,72 m

Kúluvarpi 0,4 m

Kringlukasti 2,38 m

Spjótkest 5,39 m

Tugþraut 631 stig

Innanhúss

60 m hlaup 0,01 sek

1000 m hlaup 7,47 sek

60 m grind 0,30 sek

Hástökk 0,07 m

Langstökk 0,49 m

Stangarstökk 0,47 m

Sjöþraut 550 stig



Ísak Óli, er mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendur frjálsíþróttahreyfingarinnar. Hann hefur með elju og dugnaði tekið framförum ár eftir ár og er kominn í fremstu röð frjálsíþróttamanna á landinu. Ísak Óli Traustason er í námi í Reykjavík og hefur æfingaraðstöðu hjá ÍR í Reykjavík, en keppir fyrir hönd UMSS á þeim mótum sem tekur þátt í.

Mót 2017

Janúar

Meistaramót Íslands í fjölþraut

Meistaramót 11-14 ára

Febrúar

RIG

Stórmót ÍR

Meistaramót Íslands, aðalhluti

Meistaramót Íslands 15-22 ára

Mars

Combined Events, Relays & Masters Championships, Skotland

Apríl

Páskamót UMSS

Fífumót 2017-04, Breiðablik

Kastmót ÍR

Mái

Akureyrarmót UFA

Júní

júnímót UMSS

Meistaramót Íslands 11-14 ára

European Combined Events Team Championships, Spánn

Norðurlandamót unglunga í fjölþrautum, Finnland

Júlí

Gautaborgaleikar, Svíþjóð

Sumarmót SamVest

Sumarleikar HSP

91. Meistaramót Íslands

Fimmtudagsmót UMSS

EAP Combined Events, England

Ágúst

Unglingalandsmót UMFÍ

Akureyrarmót UFA

Meistaramót 15-22 ára

Bikarleikar FRÍ 15 ára og yngri

Nóvember

Gaflarinn FH

Silfurleikar ÍR

Desember

Minningarmót Ólivers, UFA

Jólamót UMSS

Ársreikningur frjálsíþróttadeildar

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	2016
Tekjur:		
Æfingagjöld	3.087.115	2.305.761
Styrkir frá aðalstjórn	1.590.333	1.413.300
Fjáraflanir	253.600	536.784
Ferðastyrkur ÍSÍ	0	119.194
	4.931.048	4.375.039
Gjöld:		
Kostnaður vegna þjálfunar	3.884.484	3.808.795
Ferðakostnaður	60.717	348.890
Auglýsingar	21.035	5.498
Bókhalds- og skrifstofukostnaður	94.897	37.603
	4.061.133	4.200.786
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	5.504	5.320
Vaxtagjöld	28.807	6.688
Samtals fjármagnsliðir	-23.303	-1.368
Hagnaður (-tap) ársins	846.612	172.885

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	31.12.2017	31.12.2016
Eignir		
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	108.635	909.750
Aðrar skammtímakröfur	0	4.704
Handbært fé	1.569.561	45.879
Veltufjármunir samtals	1.678.196	960.333
Eignir samtals	1.678.196	960.333
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Ýmsar skammtímaskuldir	494.513	623.262
Skuldir samtals	494.513	623.262
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	337.071	164.186
Hagnaður (-tap) ársins	846.612	172.885
Eigið fé samtals	1.183.683	337.071
Skuldir og eigið fé samtals	1.678.196	960.333

Skýrsla stjórnar sunddeildar

Aðalfundur Sunddeildar Tindastóls fyrir árið 2017, haldinn 28. febrúar 2018.

Stjórnarstörf:

Stjórnarfundir voru haldnir reglulega á árinu 2017.

Stjórnarmeðlimir eru:

Þorgerður Eva Þórhallsdóttir, formaður.

Aðalbjörg Hallmundsdóttir, ritari.

Stefán Ómar Stefánsson, meðstjórnandi.

Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir, varamaður.

RH Endurskoðun ehf. hefur umsjón með bókhaldi og fjárreiðum deildarinnar.

Starfsemi Sunddeildarinnar tímabilið janúar – júní 2017

Sundæfingar stóðu yfir frá janúar til júní og voru iðkendur 19 talsins.

Þjálfarar: Þorgerður Eva Þórhallsdóttir og Árný Oddbjörg Oddsdóttir

Aðstoðarmenn þjálfara á æfingum 2.-4. bekkinga, nemendur úr 9. b. Árskóla:

Arnar Freyr Guðmundsson

Ólöf Ósk Egilsdóttir

Marianna Ulriksen

Rannveig Stefánsdóttir



Dagskráin

Janúar - Júní



Janúar

Æfingar hófust að loknu jólafrii þann 5. janúar.

Febrúar

3. febrúar Fyrirlestur um næringarþarfir íþróttafólks í Húsi frítímans.

10. -12. febrúar Gullmót KR haldið í Laugardalslaug, 50 m innilaug. Þangað fóru 8 keppendur ásamt þjálfurum og foreldrum.

Mars

27. mars – Æfingarferð á Hofsósi. Yngri og eldri iðkendur.

30. mars – Sprettmót í sundlaug Sauðárkróks.

Apríl

Gestaheimsókn helgina 21. – 23. apríl. **Framtíðarhópur Tokyo 2020**, afrekshópur unglunga í sundi (14-17 ára) sem undirbýr sig fyrir Ólympíuleika árið 2020 sótti sunddeildina heim og með hópnum voru 3 þjálfarar. Eldri iðkendum Sunddeildar Tindastóls var boðið að æfa með hópnum og njóta leiðsagnar afreksþjálfara varðandi sund, markmið og hollustuhætti. Yngri iðkendum komu líka og fylgdust með æfingum.

Maí

Lionsmót Ránar á Dalvík 20. maí. Mótið var haldið í Sundhöllinni á Siglufirði. Þennan dag var blíðskaparveður. Eftir sundmótið var farið til Akureyrar. Þar áttu iðkendum, þjálfarar og foreldrar góða stund í Kjarnaskógi og borðuðu á veitingastaðnum Bryggjunni áður en haldið var heim um kvöldið.



Júní

Síðasta sundæfing fyrir sumarfrí var 1. júní og var haldið upp á hana með skemmtun í sundlaug Sauðárkróks. Sunddeildin gaf iðkendum sínum í 1.- 6. bekk sundpoka og sundgleraugu. Iðkendur í 7. -9. bekk fengu blöðkur, sundpoka og sundgleraugu.

Utanlandsferð eldri iðkenda 24.06. – 02.07. Æfingaferð til Calella á Spáni

Á haustmánuðum 2016 var hafist handa við að undirbúa æfingarferð til Spánar 2017 með elstu iðkendur (5), þjálfara, aðstoðarþjálfara og foreldra. Til að undirbúa ferðina var ferðanefnd skipuð foreldrum fengin til starfa. Leitað var til nokkurra ferðaskrifstofa eftir tilboðum í ferð en tilboð frá ferðaskrifstofunni Vita var síðan tekið þar sem það reyndist hagstæðast fyrir okkar iðkendur og þarfir þeirra. Alls taldi hópurinn 18 manns.

Sunddeildin hefur um árbil safnað í ferðasjóð til að geta farið með iðkendur í æfingaferðir innan- og utanlands til að æfinga í laugum sem hafa upp á betri aðstæður að bjóða en Sundlaug Sauðárkróks. Er það gert til að gera iðkendur Sunddeildar Tindstóls færa um að taka þátt í sundmótum á landsvísu þar sem ýtrustu kröfur eru gerðar til sundíþróttarinnar. Stjórn og foreldrar í ferðanefnd voru einhuga um að setja verklagsreglur í kringum ferðasjóð og láta ekki of langan tíma líða á milli æfingaferða hvort heldur þær eru innanlands eða erlendis. Með það að markmiði var skipuð nefnd þar sem foreldrum var úthlutuð ábyrgð á fjáröflun og skipulagi slíkra ferða í samvinnu við stjórn.



Stutt ferðalýsing

Ferðin hófst síðdegis laugardaginn 24. júní kl. 16:40 þegar lagt var upp frá Keflavíkurflugvelli með flugvél Icelandair. Það var komið kvöld þegar hópurinn lenti í Barcelóna (22:40) en þaðan var um klukkustunda akstur til Calella. Hótelinu hét Hótel Bernat II og var það mjög fínt í alla staði, góð herbergi og góð þjónusta. Æfingalaugin var í göngufæri frá hótelinu og æft var alla daga nema tvo. Fyrri frídaginn var farið í skoðunarferð til Barcelóna og svo í vatnsrennibrautagarðinn Water World hinn daginn. Æfingalaugin var fyrsta flokks og auk okkar iðkenda voru þarna afrekshópar frá hinum Norðurlöndunum að æfa sig fyrir Norðurlanda- og heimsmeistaramót. Góð aðstaða var fyrir foreldra að fylgjast með æfingum.

Þegar ekki var æft í laug nutu iðkendur og fylgjendur þeirra notalegrar strandar sem fylgdi hótelinu. Þar gátu allir synt, snorklað, leikið og sólað sig. Calella er notalegur bær og mannlífið gott með vinalegum veitingastöðum og fjölbreyttum búðum svo allir gátu fundið eitthvað að gera þegar líða tók á dag. Allt hefur sinn tíma og ein vika er fljót að líða þegar nóg er að gera og ánægja í fyrirrúmi. Stjórn Sunddeildar er þakklát ungmennum fyrir fyrirmyndar frammistöðu og framkomu og það að vera íþróttafélagi sínu til sóma á erlendri grund.

Starfsemi Sunddeildarinnar tímabilið september – desember 2017

Sundæfingar stóðu yfir frá september að jólafríi 20. desember og voru iðkendur 44 talsins.

Mikið gleðiefni er hve iðkendum fjölgaði á haustdögum.

Æfingar hafa verið tvisvar í viku fyrir yngri iðkendur (6-9 ára) og þrisvar í viku fyrir eldri iðkendur (10-16 ára)



Þjálfarar:

Árný Oddbjörg Oddsdóttir hætti. Hún hélt áfram námi sínu við hestabraut á Hólum í Hjaltadal og er henni þakkað starfið.

Þorgerður Eva Þórhallsdóttur hélt starfi áfram en við bættist Eva María Sveinsdóttir frá Siglufirði

Eva María er sannkölluð sunddrottning, bjó nánast í sundlauginni í 8 ár sem barn.

Eva María býr nú á Sauðárkróki ásamt fjölskyldunni sinni. Sunddeildinni þykir fengur að fá hana til starfa.

Aðstoðarþjálfarar eru sem áður, iðkendur í 10. Árskóla auk nemandu úr 8.bekk:

Arnar Freyr Guðmundsson

Ólöf Ósk Egilsdóttir

Marianna Ulriksen

Rannveig Stefánsdóttir

Hallmundur Hilmarsson



September - Desember

September

Hreyfivikan Beactive 23. – 30. september. Sunddeildin tók þátt í hreyfivíkunni og af því tilefni var boðið upp á fríar æfingar og sundnámskeið fyrir fullorðna.



Október

16. október – Sokkaþema og sápukúlufroða í heitapottinum.

Nóvember

1. nóvember – Hópefli fyrir 6 – 10 bekk og kvöldmaturlífa hjá þjálfara.

9. nóvember – Samverustund í Húsi frítímans. Spilað og horft á jólamynd.

14. nóvember – Fjáröflunarnefndin fundar

Gulrótarsala hefst – Fyrsta fjáröflunarverkefnið

Desember

13. desember- Sýning fyrir foreldra á sundæfingu

18. desember – Sápukúlufjör – jólarokk

19. desember – Móttaka 100.000 kr. styrks frá Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga til uppbyggingar starfsins, að bæta þjálfun og tæknibúnað.

27. desember - Uppskeruhátíð UMSS fór fram í Húsi frítímans. Tilnefningar af hálfu Sunddeildar Tindastóls á ungum og efnilegum sundmönnum voru:

Stefanía Sigfúsdóttir

Sævar Snær Birgisson

Önnur starfsemi

Einu sinni í mánuði býður Sunddeildin upp á ávexti og grænmeti eftir æfingar og er það geysi vinsælt.

Leitað var eftir foreldrum í fjáröflunar- og ferðanefnd og eftirfarandi foreldrar gáfu kost á sér:

Anna Szafraniec

Arna Björk Árnadóttir

Birgitte Bærendtsen

Eva María Sveinsdóttir

Guðrún Helga Tryggvadóttir

Æfingar og mót

Iðkendur stóðu sig almennt vel á starfsárinu, bættu árangur sinn og voru félaginu til mikils sóma.

Styrkir

Styrkir frá Sveitarfélaginu Skagafirði og Menningarsjóði Kaupfélags Skagfirðinga hafa komið að góðum notum.

Sunddeildin sendi inn beiðni til SSÍ um að fá aðstoð frá þjálfara frá Akureyri til að byggja upp deildina. Þeirri beiðni var vel tekið og kom þjálfari nokkrum sinnum til okkar.

Við fengum afrekshóp í sundi frá Reykjavík eina helgi í vor sem eru að æfa fyrir ólympíuleikana 2020. Með í för voru fjórir topp þjálfara og var þetta einstakt tækifæri fyrir Sunddeild Tindastóls. Krakkarnir ásamt þjálfurum voru mjög hvetjandi fyrir okkar iðkenda hóp.

Jafnframt hjálpa styrkirnir deildinni að geta verið með tvo þjálfara á launum, sem er nauðsynlegt með svo unga iðkendur.



Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa Sunddeildina á ýmsan hátt á árinu 2017.

Sauðárkróki, 28. febrúar 2018

Stjórn sunddeildar Tindastóls.

Þorgerður Eva Þórhallsdóttir, formaður

Aðalbjörg Hallmundsdóttir, ritari

Stefán Ómar Stefánsson, meðstjórnandi

Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir.



Ársreikningur sunddeildar

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	2016
Tekjur		
Æfingagjöld	793.521	306.800
Styrkur frá aðalstjórn	520.104	611.656
Fjáraflanir	403.500	95.000
Samtals tekjur	1.717.125	1.013.456
Gjöld		
Kostnaður vegna þjálfunar	796.525	827.015
Mótahald	211.550	110.441
Bingó/Uppskeruhátíð	177.787	307.161
Ýmis kostnaður vegna iðkenda	151.884	281.108
Auglýsingar og símakostnaður	25.233	48.458
Aðkeypt þjónusta við bókhald og gjaldkera	122.699	62.372
Félagsgjöld	142.500	121.150
Annar rekstrarkostnaður	23.689	1.942
Samtals gjöld	1.651.867	1.759.647
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	5.427	24.269
Vaxtagjöld	23.034	9.805
Samtals fjármagnsliðir	-17.607	14.464
Hagnaður (-tap) ársins	47.651	-731.727

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	31.12.2017	31.12.2016
Eignir		
Veltufjármunir		
Handbært fé	790.644	665.837
Aðrar skammtímakröfur	0	35.000
	790.644	700.837
Eignir samtals	790.644	700.837
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Laun og tengd gjöld	38.245	74.852
Ýmsar skammtímaskuldir	108.784	30.021
Skuldir samtals	147.029	104.873
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	595.964	1.327.691
Hagnaður (-tap) ársins	47.651	-731.727
Eigið fé samtals	643.615	595.964
Skuldir og eigið fé samtals	790.644	700.837

Skýrsla stjórnar skíðadeildar

Aðalfundur Skíðadeildar Tindastóls haldinn 9 júní 2016

Aðalfundur Skíðadeildar Tindastóls var haldinn þann 9.júní 2016 að Víðigrund 5. Lilja Sigurðardóttir gekk úr stjórn og voru henni þökkúð vel unnin störf. Ósk Bjarnadóttir kom í staðinn, annars var stjórnin óbreytt. Óhætt er að segja að starfsárið hafi verið fjölbreytt og kem ég til með að telja það helsta upp. Langþráð verkefni var klárað þar sem við fengum bundið slitlag á veginn upp eftir og eru það miklar breytingar til batnaðar fyrir okkur á skíðasvæðinu. Ber að þakka Vegagerðinni fyrir það. Farið var í hefðbundin verkefni eins og grjóthreinsun, sáningu fræja og áburðadreifingu. Stjórn Skíðadeildar Tindastóls og starfsmenn skíðasvæðisins þakka skagfirskum bændum fyrir að hafa sýnt skíðasvæðinu mikinn velvilja í gegnum tíðina. Þá langar okkur til að þakka sérstaklega Árna í Útvík, Ómari Jenssyni og Gunnari Sigurðssyni á Ökrum fyrir frábæran stuðning.



Klárað var að setja upp rúmlega 700 metra af snjógirðingum sem sönnuðu ágæti sitt strax í vetur. Skíðaveturinn 2016 - 2017 var mjög góður. Fjallið var opnað 5. desember 2016 og var opið í 95 daga. Það komu 6.633 gestir til okkar og var gaman að sjá hvað töfrateppið heillaði jafnt hina ungu og þá sem eldri eru.

Dagskrá vetrarins var með hefðbundnu sniði. Byrjaði með World Snow day í janúar, Vetrarleikum í febrúar, Sauðárkróks-Bakarismóti í

mars, veglegri páskadagskrá, Steinullarmóti í apríl og Ísmanninum þann 1. maí.

Fjórar æfingar voru í hverri viku hjá skíðakrökkunum. Þjálfarar voru Gunnar Björn, Siggí Bjarni og Birna María. Brettadeildin var með æfingar 2x í viku en David var þjálfari brettadeildar. Farið var með krakkana á Jónsmót og Andrésar Andarleikana. Segja má að starfið hafi gengið virkilega vel í vetur. Um 30 krakkar æfðu hjá félaginu og finnum við að vetrarsportið er í mikilli sókn. Einnig áttum við þátttakanda á Ólympíuleikum Evrópuæskunnar í Tyrklandi, Heimsmeistaramóti unglunga í Svíþjóð og á Landsmóti Íslands á skíðum en þar stóð María Finnbogadóttir sig með mikilli þryði og var félaginu til sóma. Hún vann til bronsverðlauna í stórsvigi á Landsmóti Íslands en keyrði sig út úr sviginu þar sem hún ætlaði að taka allt með trompi. En þannig er einmitt skíðaíþróttin, hraðinn mikill, ein ofurlítill mistök í einni beygju og þú ert úti! Þá er einmitt svo mikilvægt að leggja það strax að baki og hugsa um næsta mót. Ekki dvelja við neikvæðar upplifanir heldur halda áfram. Þetta eru orð Maríu sjálfar sem vitnað er til; halda haus og gefast ekki upp! María sem er fædd árið 2000 stundar nám við Tourismusschule Bad-Hofgastein í Austurríki. Þar lærir hún hótél-og veitingarekstur og er jafnframt nemandi við skíðadeild skólans. Það þýðir að yfir skíðatímabilið frá ca. 1.nóv.-31.mars einbeitir hún sér að æfingum og keppir á alþjóðlegum FIS-mótum fyrir Tindastól. Fyrir unga skíðakonu frá Íslandi er auðvitað á brattann að sækja en María er með



skýr markmið og ásetning um að standa sig vel og ná langt í skíðaiþróttinni á alþjóðavettvangi. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt fyrir hana að búa erlendis yfir vetrartímann og æfa þar og keppa. Ísland er ekki samkeppnishæft hvað varðar æfingaaðstöðu og mótahald. En það er gaman að því fyrir lítið félag á landsbyggðinni að eiga fulltrúa á alþjóðlegum FIS-mótum. Fulltrúa sem er í fremstu röð íslenskra skíðamanna og kvenna og er landi og þjóð til sóma. Það er eitthvað sem við eigum að halda á lofti og nýta til að hvetja okkar ungu iðkendur til dáða. Það er æskunni mikilvægt að hafa góðar fyrirmyndir að horfa til og sjá að það er hægt að ná langt með dugnaði og æfingum þó maður komi frá litlu félagi.

Stjórn skíðadeildar fundaði stíft og hefur lagt metnað sinn í skipulagningu uppbyggingar á svæðinu til næstu 15-20 ára. Stórum áfanga var náð þegar deiliskipulagi var lokið og ómældar vinnustundir hafa farið í að hanna skála, skoða lyftur og kynna áform okkar fyrir Aðalstjórn Tindastóls, sveitarstjórn og fleirum. Farið var á sýningu í Innsbruck til þess að skoða lyftur og annan búnað sem nauðsynlegur er fyrir skíðasvæðið og er óhætt að segja að svona ferðir eru mikilvægar til að fá nýjar hugmyndir og fylgjast með þróun tækja og búnaðar.



Skíðadeild Tindastóls ákvað á fundi í vetur að vinna í því að koma lyftu upp á topp og var farið í að leita að lyftu í það verkefni. Búið er að finna lyftu sem okkur lýst vel á þó hún sé framleidd árið 1993 þá var hún yfirfarin árið 2016 þannig að við teljum okkur vera að gera góð kaup fyrir svæðið. Þess má geta að við fengum tilboð í nýjar lyftur af sömu gerð og við erum með og hljóðaði tilboðið upp á um 60 milljónir króna þannig að það var ákveðið að taka þessa gömlu lyftu. Það er oft snúið að vera fátækur en þetta var niðurstaðan.

Það hafa verið ýmis ljón á vegi okkar skíðadeildarmanna frá því að þessi hugmynd kom upp og ætla ég ekki að rekja það hér. Aðalatriðið er að við erum að fá lyftu upp á topp Tindastóls í 900 metra hæð yfir sjó! Það er gleðilegt að sjá að Sveitarstjórnarmenn í Skagafirði hafa metnað fyrir skíðasvæði Skagafirðinga og vilja byggja það upp.

Við vonum að veðurguðirnir verði okkur hagstæðir nú í haust þannig að lyftan komist upp og við getum opnað skíðasvæðið í byrjun desember eins og auglýst hefur verið. Starfið gekk vel síðastliðinn vetur. Við vorum í frábæru samstarfi við skólana í Skagafirði, áttum virkilega gott samstarf við fyrirtæki í bænum og fengum ómældan stuðning frá Sveitarfélaginu Skagafirði og nágrannasveitafélögum. Er það okkar von að næstu stjórn Skíðadeildar Tindastóls gangi allt í haginn við uppbyggingu og rekstur svæðisins.

Að lokum vill ég þakka samstarfsfólki mínu fyrir samstarfið í vetur og vona að við eigum skemmtilega tíma í vændum.

Fyrir hönd skíðadeildar Tindastóls,
Sigurður Bjarni Rafnsson, formaður.



Ársreikningur skíðadeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 1.5.2016 - 30.4.2017**

	2016-17	2015-16
Tekjur		
Tekjur af skíðasvæði	12.553.677	10.242.250
Svf. Skagafjörður, rekstrarstyrkur	14.000.000	13.872.060
Auglýsingar	1.220.983	767.000
Æfingagjöld	403.000	0
Aðalstjórn	0	690.627
Ýmsir styrkir	4.542.156	4.700.000
Tekjur samtals	32.719.816	30.271.937
Gjöld:		
Vörukaup	2.446.043	909.789
Laun og launatengd gjöld.	14.822.641	12.019.432
Aðkeypt þjónusta	507.951	0
Hönnun og teikningar	870.130	2.192.000
Endurskoðun og reikningshald	190.055	0
Heimasíðugerð	88.000	578.980
Annar rekstur skíðasvæðis	10.052.989	7.697.277
Ritföng, pappír, prentun & auglýs.	31.806	340.141
Sími	216.854	97.839
Auglýsingar	1.306.823	526.420
Félags- og aðildargjöld	68.000	211.846
Tölvukostnaður	0	51.360
Ferðakostnaður	829.563	444.701
Gjafir og styrkir	66.900	94.905
Námskeið	100.000	45.000
Foreldrafélag skíðadeildar	0	327.833
Verðlaunagripir	16.825	76.000
Keppnisgjöld	124.800	6.000
Önnur gjöld	8.738	6.875
Gjöld samtals	31.748.118	25.626.398
Afskriftir	4.532.096	4.892.689
Fjármagnsliðir	-934.151	-600.571
Hagnaður (-tap) ársins	-4.494.549	-847.721

Efnahagsreikningur 30. apríl 2017

	30.04.2017	30.04.2016
Eignir		
Fastafjármunir:		
Greidd leiga til Torfa	911.939	959.936
Skíðaskáli	742.707	781.797
Skíðasvæðið	19.296.081	20.974.001
Búnaður skíðaleigu	556.725	695.906
Troðari	1.206.027	1.507.534
Vélsleði	819.200	1.024.000
Bifreið	582.998	728.747
Leiktæki	888.010	1.109.762
Töfrateppi	8.239.903	9.694.003
Bifreið LO-X55	2.700.000	0
Fastafjármunir alls	35.943.590	37.475.686
Veltufjármunir:		
Bankareikningar og sjóður	248.016	2.454.371
Viðskiptakröfur	1.545.350	1.417.400
Innb. v. skíðalyftu	2.379.800	0
Veltufjármunir alls	4.173.166	3.871.771
Eignir samtals	40.116.756	41.347.457
Skuldir og eigið fé:		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur í banka	1.989.566	0
Ný skíðalyfta	2.579.689	0
Kaupfélag Skagfirðinga	5.633.908	7.197.575
Aðrar skuldir	648.454	1.375.756
Aðrir viðskiptamenn	1.111.589	126.027
Skammtímaskuldir alls	11.963.206	8.699.358
Skuldir alls	11.963.206	8.699.358
Eigið fé:		
Höfuðstóll frá fyrra ári	32.648.099	33.495.820
Hagnaður (-tap) ársins	-4.494.549	-847.721
Eigið fé samtals	28.153.550	32.648.099
Skuldir og eigið fé samtals	40.116.756	41.347.457

Skýrsla bogfimeildar

Skýrsla Bogfimeildar og ársreikningur voru ekki tilbúin fyrir prentun skýrslunnar en verður í skýrslunni á tindastoll.is



Ársreikningur bogfimideildar

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	2016
Tekjur		
Leiga á mörkum		25.000
Styrkir		185.752
Æfingagjöld		70.000
Tekjur samtals		280.752
Rekstrargjöld		
Kaup á öryggisneti		130.392
Áhöld og rekstrarvörur		54.442
Vorslútt		15.539
Stofnun kennitölu		5.000
Skotskífur		0
Kaup á mörkum		0
Auglýsingar		0
Rekstrargjöld samtals		205.373
Fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur		3.288
Fjármagnstekjuskattur		0
Fjármagnsgjöld samtals		3.288
Hagnaður (-tap) ársins		78.667

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	31.12.2017	31.12.2016
Eignir		
Veltufjármunir:		
Bankainnistæður		154.265
Veltufjármunir alls		154.265
Eignir alls		154.265
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé:		
Eigið fé í upphafi árs		75.598
Hagnaður ársins		78.667
Eigið fé samtals		154.265
Skuldir og eigið fé samtals		154.265

Skýrsla júdódeildar

Inngangur

Ekki er hægt að segja annað en að árið 2017 hafi verið viðburðarríkt hjá Júdódeild Tindastóls. Þetta er fjórða árið sem Júdódeildin er starfrækt eftir að starfsemi hennar var endurvakin haustið 2014, en fram að því hafði ekki verið boðið upp á Júdó á Sauðárkróki í yfir áratug. En Júdódeildin var formlega samþykkt á ný sem deild innan Ungmennafélags Tindastóls á aðalfundi þann 2. mars 2016.

Fyrstu tvö árin fóru æfingar fram í íþróttasal gamla barnaskólans milli Freyjugötu og Sæmundargötu en eftir að sveitarfélagið seldi það húsnæði árið 2016 fluttist æfingaaðstaðan í íþróttahúsið á Sauðárkróki.

Síðustu þrjú ár hefur Júdódeildin einnig boðið upp á vikulegar æfingar á Hofsósi í samstarfi við Ungmennafélagið Neista og nú í haust hófst starfsemi með svipuðu fyrirkomulagi í Varmahlíð í samstarfi við Ungmenna- og íþróttafélagið Smára.

Í haust bauð Júdódeildin upp á nýtt námskeið í Blönduðum bardagalistum sem samanstóð af æfingum í Boxi, Kickboxi og Jujitsu. Þessar greinar réðust mest af framboði þeirra þjálfara á svæðinu sem höfðu áhuga og tíma til þess að taka þetta verkefni að sér, en samtals komu sex þjálfarar að þessu námskeiði. Aðsóknin var góð og því verður aftur boðið upp á náskæðið á nýju ári og bætast þá Karate og Júdó við bardagalistavalið.

Hér fyrir neðan verður nú stiklað á því helsta í starfsemi Júdódeildarinnar á nýliðnu ári.

Mót

Júdósamband Íslands (JSÍ) stendur fyrir fjórum mótum ár hvert þar sem keppt er í yngri og eldri flokkum. Júdódeildin hefur átt keppendur í yngri flokkum á þessum mótum og má sjá fjölda og árangur keppenda Júdódeildarinnar í töflunni hér fyrir neðan.

Utan JSÍ mótanna er haldið Norðurlandsmót ár hvert fyrir júdófélög á Norðurlandi ásamt því sem Júdódeildin stendur árlega fyrir Jólamóti og Vormóti.

Norðurlandsmótið hefur verið haldið á Blönduósi á haustin og ber Júdófélagið Pardus hitann og þungann af skipulagningu þess þó að um samvinnuverkefni allra júdófélaganna á Norðurlandi sé að ræða. Jólamót Tindastóls markar lok haustannar og er innanfélagsmót, eingöngu ætlað iðkendum Júdódeildar Tindastóls. Vormót Tindastóls markar aftur á móti lok vorannar og er það mót opið öllum. Taflan hér fyrir neðan sýnir einnig upplýsingar um fjölda og árangur keppenda Júdódeildarinnar á þessum þremur mótum.

Fjöldi og árangur keppenda Júdódeildarinnar á mótum.

Mót	Dag- setning	Fjöldi keppenda	Fjöldi verðlauna
Afmælistmót JSÍ	12. feb	3	2
Vormót JSÍ	25. feb.	3	1
Íslandsmót JSÍ	1. apr	9	4
Haustmót JSÍ	21. okt	5	4

Vormót Tindastóls	28. maí	18	18
Norðurlandsmót	2. des	15	14
Jólamót Tindastóls	20. des	22	22



Keppendur á Vormóti. Mynd Katharina Sommermeier.



Keppendur Tindastóls á Íslandsmóti yngri flokka 2017. Aftari röð frá vinstri: Arnór Freyr Fjólmundsson, Viktor Darri Magnússon, Þorgrímur Svavar Runólfsson, Tsvetan Tsvetanov Michevski, Andri Björn Andrason og Magnús Elí Jónsson. Fremri röð frá vinstri: Sveinn Kristinn Jóhannsson, Haukur Rafn Sigurðsson og Ása María Sigurðardóttir.

Mynd Einar Örn Hreinsson.



Þátttakendur á Jólamóti Tindastóls. Mynd: Katharina Sommermeier.

Æfingabúðir

Júðófélagið Pardus á Blönduósi stóð fyrir æfingabúðum helgina 8. og 9. apríl þar sem Selfyssingurinn Garðar Hrafn Skaptason fór yfir nokkur mikilvæg atriði fyrir júðóiðkendur auk þess sem tekist var á í glímum og farið í leiki. En iðkendur Júðódeildar UMF Selfoss sóttu æfingabúðirnar ásamt iðkendum frá Pardusi og Júðódeild Tindastóls.



Frá æfingabúðum á Blönduósi. Mynd Róbert Daníel Jónsson.

Helgina 11. til 13. ágúst tók Júðódeild Tindastóls á móti gestum frá Linköping og Stokkhólmi í Svíþjóð, Júðódeild Ármanns í Reykjavík og júðófélögum á Norðurlandi. Um var að ræða framhald af heimsókn Júðódeildar Ármanns og Júðódeildar Tindastóls til júðófélagsins Linköping Judo í Svíþjóð frá því í fyrrasumar. Að þessu sinni voru það Svíarnir sem komu til Íslands og auk júðófólks frá Linköping bættust við iðkendur úr júðófélaginu IK Södra Judo frá Stokkhólmi. Samtals tuttugu krakkar og fjórtán fullorðnir.

Íþróttahúsið í Varmahlíð varð fyrir valinu sem æfingastaður og voru júðódýnur Tindastóls og Pardusar á Blönduósi notaðar til að búa til júðóvöll sem nánast þakti gólfflöt íþróttahússins. Alls voru fjórar júðóæfingar haldnar frá föstudegi til sunnudags og höfðu iðkendurnir einstakt tækifæri til að æfa undir handleiðslu mjög reyndra þjálfara ásamt því að reyna sig í glímum við einstaklinga úr fjölbreyttum hópi iðkenda.

Sjálfbóðaliðar Júðódeildarinnar tóku vel á mót gestunum og sáu til þess að þá vanhagaði ekki um neitt, hjálpuðu þeim við að skipuleggja afþreyingu og sáu um að útbúa málsverði fyrir hópinn í grunnskólanum í Varmahlíð þar sem hluti gestanna hélt til.



Frá æfingu yngri iðkenda á æfingabúðunum í Varmahlíð. Mynd Fredrik Wibäck.

Aðrir viðburðir

Aðalfundur Júðódeildar Tindastóls fór fram 3. apríl og var þáverandi stjórn endurkjörin, sem reyndar hefur starfað óbreytt frá endurstofnun deildarinnar. En stjórnina skipa Einar Örn Hreinsson formaður, Helena Magnúsdóttir gjaldkeri, Ingibjörg Ásta Sigurðardóttir ritari og meðstjórnendurnir Magnús Hafsteinn Hinriksson og Jakob Smári Pálmason.

Pardus kom í heimsókn 6. apríl og eftir sameiginlega æfingu var farið á Strumpana í Bifröst, sem vakti mikla lukku.

Foreldraæfingar voru haldnar á hvorri önn en þá gefst iðkendum tækifæri á að bjóða foreldrum, systkinum, ömmum, öfum og vinum á æfingu með sér. Alltaf koma einhverjir á þessar æfingar sem eru að prófa Júdo í fyrsta sinn og einnig eru þó nokkrir foreldrar sem aldrei láta sig vanta á þessar æfingar.

Í lok hvers árs er venja að heiðra iðkendur sem hafa staðið sig vel á æfingum og á mótum og eru góðar fyrirmyndir. Það er gert með tilnefningu deildarinnar til íþróttamanns Tindastóls og með tilnefningum til ungs og efnilegs íþróttafólks sem hlýtur viðurkenningar á hátíðarsamkomu umss.

Tsvetan Tsvetanov Michevski var tilnefndur af Júdódeildinni til íþróttamanns Tindastóls, en með góðri ástundun og augljósum hæfileikum hefur Tsvetan tekist að ná ágætum árangri á æfingum og í keppni. Skemmt er að minnast þess að hann varð í fyrsta sæti á haustmóti yngri flokka jsi sem haldið var í Grindavík á haustmánuðum.



Frá foreldraæfingu í haust. Mynd: Einar Örn Hreinsson.

Tsvetan hlotnaðist einnig sá heiður að fá afhendan afreksbikar, sem er farandbikar til minningar um Stefán Guðmundsson fyrrverandi stjórnarformann Kaupfélags Skagfirðinga og konu hans Hrafnhildi Stefánsdóttur. Tsvetan fékk bikarinn afhendan á styrkúthlutunarsamkomu menningarsjóðs Kaupfélags Skagfirðinga og voru það bræðurnir Ómar Bragi og Stefán Vagn Stefánssynir ásamt Ingvari Hrannari Ómarssyni sem afhentu bikarinn.



Við afhendingu minningarbikars um hjónin Stefán Guðmundsson og Hrafnhildi Stefánsdóttur. Frá vinstri: Stefán Vagn Stefánsson, Tsvetan Tsvetanov Michevski, Ómar Bragi Stefánsson og Ingvi Hrannar Ómarsson. Mynd: Einar Örn Hreinsson.

Að þessu sinni voru það Ása María Sigurðardóttir og Arnór Freyr Fjólmundsson sem Júðódeildin tilnefndi til ungs og efnilegs íþróttafólks. Þau hafa bæði æft og keppt í Júðó fyrir Tindastól í á fjórða ár, eða allt frá því að deildin var endurvakin. Þau hafa bæði sýnt stöðugar framfarir og staðið sig vel á æfingum og í keppni og eru vel að þessum viðurkenningum komin.



Frá hátíðarsamkomu UMSS. Arnór Freyr Fjólundsson og Ása María Sigurðardóttir. Mynd: Ingibjörg Ásta Sigurðardóttir.

Að lokum vill Júðódeildin koma þakklæti á framfæri til allra þeirra sem hafa starfað fyrir deildina á nýliðnu jafnt sem fyrri árum. Bestu þakkir til allra þjálfararanna sem vinna gott og mikilvægt starf í sjálfboðavinnu og iðkendur, foreldrar og velunnarar deildarinnar sem eru boðnir og búnir að aðstoða þegar á reynir. Það væri einfaldlega ekki hægt að starfrækja þessa deild án allra þessara fúsu handa.

Ársreikningur júdódeildar

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	2016
Tekjur		
Peysu og töskusala	83.000	55.400
Félagsgjöld	658.684	521.000
Júdóbúningasala	67.500	143.500
Júdóbúningaleiga	118.750	0
Aðrir styrkir	29.835	65.000
Ferðastyrkur ÍSÍ	93.070	0
Tekjur af mótum	114.500	192.000
Ýmsar tekjur	64.000	56.000
Tekjur samtals	1.229.339	1.032.900
Gjöld		
Júdóbúningar fyrir iðkendur	74.624	42.035
Peysur og töskur	182.008	0
Auglýsingar	29.386	21.716
Tollur af júdóbúningum	29.496	25.564
Tollur af bardagabúningum	40.651	0
Mótsgjöld	91.249	220.718
Æfingabúðir í Varmahlíð	136.242	0
Styrkir o.þ.h. til iðkenda og þjálfara	100.000	0
Gjöld til JSÍ	28.500	21.000
Bankakostnaður	195	593
Annar kostnaður	54.372	56.761
Gjöld samtals	766.723	388.387
Afskriftir	115.299	114.191
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	2.770	7.198
Vaxtagjöld	12.377	0
Fjármagnsliðir samtals	-9.607	7.198
Hagnaður (-tap) ársins	337.710	537.520

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	31.12.2017	31.12.2016
Eignir		
Veltufjármunir:		
Bankareikningur	1.213.932	1.005.447
Júdódýnur	759.729	844.143
Júðóbúningar	173.052	179.108
Bardagabúnaður	100.892	0
Aðrar eignir	4.019	4.466
Kröfur	125.250	0
Veltufjármunir alls	2.376.874	2.033.164
Eignir alls	2.376.874	2.033.164
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skammtímaskuldir	0	-6.000
Skammtímaskuldir alls	0	-6.000
Skuldir alls	0	-6.000
Eigið fé:		
Eigið fé í upphafi árs	2.039.164	1.501.644
Hagnaður ársins	337.710	537.520
Eigið fé samtals	2.376.874	2.039.164
Skuldir og eigið fé samtals	2.376.874	2.033.164

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Númer í sjóðaskrá 1246

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við verkamannastörf ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkróskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Á árinu 2017 var úthlutað tveimur styrkjum úr sjóðnum. Formaður UMF Tindastóls afhenti styrkina á aðalfundi Tindastóls 6. mars 2017.

Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

1. Körfuknattleiksdeild kr. 150.000 vegna þátttöku Péturs Rúnars Birgissonar og Viðar Ágústssonar í landsliðsverkefnum.
2. Knattspyrnudeild kr. 100.000 vegna æfingaferðar 3. flokks kvenna til Svíþjóðar.

Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2017

	2017	2016
Tekjur		
Styrkir og gjafir	0	59.000
Tekjur samtals	0	59.000
Gjöld		
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá	250.000	300.000
Gjöld samtals	250.000	300.000
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-250.000	-241.000
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	94.236	122.565
Fjármagnstekjuskattur	-18.847	-24.513
Fjármagnsliðir samtals	75.389	98.052
Niðurstaða rekstrar	-174.611	-142.948

Efnahagsreikningur 31. desember 2017

	31.12.2017	31.12.2016
Eignir		
Veltufjármunir		
Bankainnstæður og sjóðir	2.471.313	2.645.924
Veltufjármunir samtals	2.471.313	2.645.924
Eignir alls	2.471.313	2.645.924
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	2.645.924	2.788.872
Tekjur umfram gjöld	-174.611	-142.948
Eigið fé samtals	2.471.313	2.645.924
Skuldir og eigið fé alls	2.471.313	2.645.924